



Gróður, fuglar og smádýr á 18 háhitasvæðum Samantekt fyrirleggjandi gagna

**Ásrún Elmarsdóttir, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson,
Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson,
Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Rannveig Thoroddsen**

Unnið fyrir Orkustofnun



Gróður, fuglar og smádýr á 18 háhitasvæðum Samantekt fyrirleggjandi gagna

**Ásrún Elmarsdóttir, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Hörður
Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Olga Kolbrún
Vilmundardóttir og Rannveig Thoroddsen**

Unnið fyrir Orkustofnun

NÍ-09015

Reykjavík, október 2009



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Mynd á kápu: Naðurtunga í gamburmosa í Eldvörpum. Ljósmynd. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 2006.

ISSN 1670-0120

	Hlemmi 3 105 Reykjavík Sími 590 0500 Fax 590 0595 http://www.ni.is ni@ni.is	Borgum við Norðurslóð 602 Akureyri Sími 460 0500 Fax 460 0501 http://www.ni.is nia@ni.is
Skýrsla nr. NÍ-09015	Dags, Mán, Ár Október, 2009	Dreifing X opin lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróður, fuglar og smádyr á 18 háhitasvæðum Samantekt fyrirbyggjandi gagna	Upplag 50	
	Fjöldi síðna 169	
Höfundar Ásrún Elmarsdóttir, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Rannveig Thoroddsen.	Verknúmer R0411004 Málsnúmer 20041000001	
Unnið fyrir Orkustofnun vegna 2. áfanga rammaáætlunar		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur <p>Upplýsingum um tegundir plantna, smádyra, fugla og gróðurfar var safnað saman fyrir 18 háhitasvæði. Fyrirliggjandi gögn um gróður og dýralíf á háhitasvæðunum eru fyrst og fremst byggð á skráningum um náttúrufar úr gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og útgefnum ritum sem fjalla um náttúrufar svæðanna.</p> <p>Verkefnið er liður í öflun gagna um náttúrufar vegna 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Meginmarkmið verkefnisins var að afla nauðsynlegra gagna til að flokka háhitasvæði eftir náttúrufari og meta verndargildi þeirra. Nánari umfjöllun um lífríki og jarðminjar svæðanna og niðurstöður mats á verndargildi eru í öðrum skýrslum sem gefnar hafa verið út í tengslum við verkefnið.</p> <p>Háhitasvæðin eru misjafnlega stór og spanna þau allt frá fáeinum til hundruða ferkílómetra. Innan stærstu svæðanna eru tilgreind í heild 21 undirsvæði. Í skýrslunni koma fram upplýsingar um fjölda plantna, smádyra og fugla á hverju svæði og undirsvæðum þeirra eftir því sem gögn lágu fyrir. Sérstaklega er getið um jarðhitategundir, tegundir á valista og þær sem hafa hátt verndargildi. Gerð er grein fyrir gróðurfari svæðanna og helstu gróðursamfélögum, landgerðum og undirflokkum þeirra lýst.</p> <p>Upplýsingar sem liggja fyrir um einstaka náttúrufarspætti eru misjafnar bæði á milli svæða og innan svæða. Einnig er misjafnt hvenær gögnum var safnað. Þekking á náttúrufarspáttum er því afar misjöfn milli svæða eftir fyrirliggjandi gæðum gagna. Ekkert svæðanna hefur verið skoðað í heild sinni en í flestum tilfellum eru til upplýsingar af afmörkuðum stöðum sem gefa þó í mörgum tilfellum raunhæfa mynd af þeim tegundum sem finnast á svæðunum. Leitast var við að meta gæði fyrirliggjandi gagna og var þekking á náttúrufari einstakra svæða flokkuð sem góð, nokkur, lítil eða engin. Fjölbreytileiki einstakra náttúrufarspátta og fjöldi sjaldgæfra tegunda á háhitasvæðum var ennfremur metinn en einnig var horft til mats á gæðum fyrirliggjandi gagna á hverju svæði.</p>		
Lykilorð Háhitasvæði, gróðurkort, plöntutegundir, fuglategundir, smádyrategundir, gróðurfar	Yfirfarið MH, BB	

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	7
2 RANNSÓKNARSVÆÐI	7
3 AÐFERÐIR	12
3.1 Tegundir plantna	12
3.2 Gróðurkort	12
3.3 Tegundir smádyra	13
3.4 Tegundir fugla	14
3.5 Mat á gögnum	14
4 UMFJÖLLUN UM EINSTÖK SVÆÐI	15
4.1. Reykjanes	18
4.2 Svartsengi-Eldvörp	19
4.3 Krýsuvík	20
4.3.1 Sandfell	21
4.3.2 Seltún	22
4.3.3 Trölladyngja	23
4.3.4 Austurengjar	23
4.4 Brennisteinsfjöll	24
4.5 Hengill	25
4.5.1 Hverahlíð	26
4.5.2 Hellisheiði	27
4.5.3 Nesjavellir	28
4.5.4 Bitra	28
4.5.5 Ölkelduháls	29
4.5.6 Grændalur	30
4.6 Geysir	31
4.7 Kerlingarfjöll	32
4.7.1 Hveradalir	33
4.7.2 Efri-Hveradalir	33
4.7.3 Hverabotn	34
4.8 Hveravellir	34
4.9 Köldukvíslarbotnar	35
4.10 Vonarskarð	36
4.11 Torfajökull	37
4.11.1 Blautakvísl	38
4.11.2 Vestur-Reykjadalir	38
4.11.3 Austur-Reykjadalir	39
4.11.4 Jökultungur	39
4.11.5 Landmannalaugar	40
4.11.6 Kaldaklof	40
4.12 Kverkfjöll	41
4.13 Askja	41
4.14 Fremrinámar	42
4.15 Kröflusvæði	43
4.15.1 Krafla	44
4.15.2 Leirhnjúkur	45
4.16 Námafjall	45
4.17 Gjástykki	47
4.18 Þeistareykir	48

5 SAMANTEKT	50
5.1 Þekking á náttúrufræðingum	50
5.2 Fjölbreytileiki tegunda og gróðurfélaga	51
5.3 Fágætar tegundir og gróðurfélög	55
6 ÞAKKIR	59
7 HEIMILDIR	60
8 VIÐAUKAR	72
1. viðauki. Söfnun plöntutegunda. Fjöldi ára; árabil sem söfnun fór fram.	72
2. viðauki. Háplöntur á rannsóknarsvæðum.	73
3. viðauki. Mosar á rannsóknarsvæðum.	85
4. viðauki. Fléttur á rannsóknarsvæðum.	100
5. viðauki. Jarðhitategundir (JH) og tegundir háplantna með hátt verndargildi á háhitasvæðum og undirsvæðum.	109
6. viðauki. Jarðhitategundir (JH) mosa á háhitasvæðum og undirsvæðum.	110
7. viðauki. Fléttur með hátt verndargildi á háhitasvæðum og undirsvæðum.	111
8. viðauki. Flatarmál (ha) gróðurfélaga og landgerða á háhitasvæðum.	112
9. viðauki. Flatarmál gróðursamfélaga og landgerða á háhitasvæðum.	120
10. viðauki. Gróðurþekja á háhitasvæðum og undirsvæðum þeirra.	125
11. viðauki. Lýsing á flokkun gróðurs.	126
12. viðauki. Tegundir smádýra á jarðhitasvæðum.	131
13. viðauki. Varpfluglar á 18 háhitasvæðum og undirsvæðum.	141
14. viðauki. Gróðurlendakort.	141

1 INNGANGUR

Háhitasvæði landsins eru talin vera um 20 (Sveinbjörn Björnsson 2006). Þessi svæði eru lítil að flatarmáli og eru fágæt bæði innanlands svo og í öðrum heimshlutum. Sérstaða þessara svæða er meðal annars hiti í jörðu sem skapar aðstæður sem eru ólíkar umhverfinu í kring. Hár hiti í jarðvegi og sérstæð efnasamsetning hans ráða miklu um hvaða lífverur þrífast á svæðunum.

Í tengslum við 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma gerðu Orkustofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands með sér samning vorið 2005 um rannsóknir á háhitasvæðum. Meginmarkmið verkefnisins var að afla nauðsynlegra gagna til að flokka háhitasvæði eftir náttúrufari og meta verndargildi þeirra. Jarðfræði og gróður var rannsakaður á 18 háhitasvæðum og undirsvæðum þeirra á árunum 2005-2008 (Kristján Jónasson og Sigmundur Einarsson 2009, Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009). Einnig voru dregin saman fyrirbyggjandi gögn um gróður og dýralíf á háhitasvæðunum og gerð grein fyrir þeim í þessari skýrslu. Að lokum voru allar upplýsingar dregnar saman og verndargildi svæðanna metið (Trausti Baldursson o.fl. 2009).

Samantektin sem hér er birt byggist fyrst og fremst á skráningum um náttúrufar sem eru í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar og útgefnum ritum sem fjalla um náttúrufar svæðanna. Birtir eru tegundalistar háplantna, mosa, fléttna, smádýra og fuglna. Gróðri er lýst á svæðunum og gróðurlendakort birt. Höfundar skiptu með sér verkum á þann hátt að Ásrún Elmarsdóttir, Hörður Kristinsson og Olga Kolbrún Vilmundardóttir unnu samantektir á plöntutegundum. Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen tóku saman upplýsingar um gróðurfar. Helga Margrét Schram, Sigurður K. Guðjohnsen og María Harðardóttir unnu kortavinnu. Erling Ólafsson tók saman upplýsingar um smádýr og Kristinn Haukur Skarphéðinsson um fugla.

2 RANNSÓKNARSVÆÐI

Dregnar voru saman upplýsingar um tegundir plantna, smádýra, fugla og gróðurfar á 18 háhitasvæðum landsins (1. mynd). Svæðin voru afmörkuð vorið 2008 af starfsmönnum ÍSOR og Orkustofnunar í tengslum við 2. áfanga rammaáætlunar. Afmörkunin byggist á viðnámsmælingum (TEM-mælingum) þar sem eðlisviðnám berglaga í jarðskorpunni gefur til kynna hitaástand berglaga og vatnsinnihald (Knútur Árnason og Ragna Karlsdóttir 2006). Í þeim tilvikum þar sem viðnámsmælingar lágu ekki fyrir eða háhiti á yfirborði féll utan afmörkunar er byggðist á mælingunum er stuðst við þekkt yfirborðsummerki háhita til að afmarka svæði. Innan stærstu háhitasvæðanna eru tilgreind undirsvæði sem endurspeglar möguleg vinnslusvæði (1. mynd, 1. tafla). Frá því að afmörkun svæða lauk vorið 2008 hafa nokkur undirsvæði bæst við eða mörk breyst lítillega. Í samantektinni sem hér er lögð fram eru ekki tók á að taka tillit til þeirra breytinga enda lágu þær ekki fyrir á þeim tíma þegar meginvinna við skýrsluna fór fram.


Rannsóknarsvæðin eru öll á gosbeltunum og liggur Reykjanes allra syðst en Þeistareykir nyrst (1. mynd). Svæðin eru ólík á marga vegu en einnig getur verið mikill breytileiki innan svæðanna sjálfra. Stærð háhitasvæðanna er allt frá fáeinum ferkílómetrum til hundruða ferkílómetra (1. tafla). Smæstu svæðin, svo sem Reykjanes, Brennisteinsfjöll, Geysir og Fremrinámar eru minni en 10 km². Þau stærstu, Torfajökull og Hengill, eru á bilinu 170–270 km². Stærð undirsvæða er allt frá 0,1 km² til 34 km². Jarðhitavirkni á yfirborði er mismikil á rannsóknarsvæðunum og getur einskorðast við lítil svæði eða dreifst víðar. Virkni á yfirborði

er sums staðar frekar lítil og afmörkuð eins og í Svartsengi-Eldvörpum, Brennisteinsfjöllum, Geysi, Hveravöllum og Gjástykki. Hins vegar er virkni mikil og víða við Torfajökul, Hengil, í Kerlingarfjöllum og Vonarskarði svo dæmi séu nefnd.

Berggrunnur er misjafn milli svæða (1. tafla). Nútímahraun og vikrar eru dæmi um gropinn berggrunn. Nútímahraun þekja sums staðar stóran hluta svæðanna, t.d. á Reykjanesi, í Svartsengi-Eldvörpum, Brennisteinsfjöllum og Gjástykki. Þéttari berggrunnur er að finna t.d. á Þeistareykjum, við Hengil og í Vonarskarði. Víðar er jarðgrunnur þó blandaður þar sem súrt berg, móberg, hraun og vikrar mynda mósaík á yfirborði eins og gerist á stærri háhitasvæðunum.

Háhitasvæðin spanna mikinn breytileika í hæð yfir sjó og er úrkoma og hitastig ólíkt milli svæða en hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá strönd hafa þar áhrif (2. mynd). Háhitasvæðið í Kverkfjöllum liggur hæst og er að hluta hulið jökli. Önnur hálend svæði eru Askja, Vonarskarð, Kerlingarfjöll, Torfajökull og Fremrinámar en öll eru þau í um og yfir 800 m h. y.s. Þau svæði sem liggja lægst yfir sjó eru háhitasvæðin á Reykjanesi, í Svartsengi-Eldvörpum, Krýsuvík, á Geysi og Þeistareykjum. Úrkoma er mismikil eftir landsvæðum. Úrkoma er að jafnaði meiri á Suðurlandi en hún er einna minnst á Norðurlandi. Jafnframt eru úrkomulítill svæði á miðhálandinu, líkt og á Hveravöllum, og fremur lítil úrkoma fellur á afar láglendum svæðum, s.s. á Reykjanesi og í Svartsengi-Eldvörpum á Suðurlandi.


Nokkur háhitasvæðanna eða hlutar þeirra eru vernduð og eru á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996). Svæðin eru ýmist friðlýst sem þjóðgarðar, náttúruvætti, friðlönd eða fólkvangar en um hvern flokk gilda sérstök verndarákvæði og tilgangur friðlýsingar er mismunandi. Jafnframt gilda lög um náttúruvernd um ákveðna landslagsþætti sem fyrirfinnast innan háhitasvæða, s.s. eldhraun (nútímahraun), hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður og víðerni (Lög um náttúruvernd nr. 44/1999). Nánari lýsing á háhitasvæðum (utan Köldukvíslarbotna) er að finna í skýrslu um hveragróður og landgerðir á háhitasvæðum en hún er liður í sama verkefni um rannsóknir á háhitasvæðum fyrir 2. áfanga rammaáætlunar (Ásrúnar Elmarsdóttur og Olgu Kolbrúnar Vilmundardóttur 2009).



1. mynd. Dregin voru saman gögn um gróður og dýralíf á 18 háhitasvæðum.

1. tafla. Hæð rannsóknarsvæða og undirsvæða yfir sjó. Einnig er sýnd stærð þeirra og gefið yfirlit um jarð- og berggrunn innan þeirra.

Háhitasvæði	H.y.s. (m)	Stærð svæða (km ²)	Jarð- og berggrunnur
- möguleg vinnslusvæði			
Reykjanes	10–70	8,7	Hraun, móberg
Svartsengi-Eldvörp	10–220	32,1	Hraun, móberg
Krýsuvík	120–360	71,5	Móberg, hraun, grágrýti
- Sandfell	150–220	0,7	
- Seltún	160–340	6,4	
- Trölladyngja	260–360	6,5	
- Austurengjar	140–200	3,0	
Brennisteinsfjöll	390–560	5,4	Hraun, móberg
Hengill	30–680	172,6	Móberg, hraun, grágrýti
- Hverahlíð	300–560	24,7	
- Hellisheiði	260–680	29,6	
- Nesjavellir	170–520	6,3	
- Bitra	240–580	7,7	
- Ölkelduháls	300–500	6,9	
- Grændalur	40–440	24,8	
Geysir	90–320	5,1	Líparít, móberg, grágrýti
Kerlingarfjöll	720–1460	31,2	Móberg, líparít
- Hveradalir	900–1180	4,5	
- Efri Hveradalir	1020–1220	1	
- Hverabotn	960–1020	0,1	
Hveravellir	610–640	14,3	Grágrýti, hraun
Köldukvíslarbotnar	810–1100	42,7	Hraun, grágrýti líparít
Vonarskarð	940–1280	29,3	
Torfajökull	560–1140	270,2	Líparít, móberg, líparíthraun
- Blautakvísl	700–1000	18,2	
- Vestur-Reykjadalir	800–950	8,6	
- Austur-Reykjadalir	800–1140	30,6	
- Jökultungur	850–1100	7	
- Kaldaklof	650–980	20,6	
- Landmannalaugar	600–950	14,9	
Kverkfjöll	1620–1780	30,9	Móberg
Askja	1060–1360	27	Móberg, hraun
Fremrinámar	760–960	9,9	Hraun, móberg, líparít
Kröflusvæði	440–800	45,5	Grágrýti
- Krafla	440–800	34,5	
- Leirhnjúkur	500–580	11,0	
Námafjall	300–560	16,9	Hraun, móberg
Gjástykki	390–540	10,9	Hraun, móberg
Þeistareykir	30–540	47,9	Hraun, móberg, líparít



2. mynd. Hiti og úrkoma á landinu árin 1961–1990. Reiknað með líkönum Væðurstofu Íslands (Crochet o.fl. 2007, Halldór Björnsson 2003).

3 AÐFERÐIR

3.1 Tegundir plantna

Gögn um tegundir háplantna, mosa og fléttna á háhitasvæðunum og undirsvæðum voru dregin saman úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar. Gögnin sem þar eru koma úr ýmsum verkefnum en einnig frá einstaklingum. Við undirbúning þessarar samantektar var einnig leitast við að draga saman allar upplýsingar sem aflað hefur verið á háhitavæðum og eru aðgengilegar í útgefnu efni. Þær heimildir sem stuðst er við eru tilgreindar eftir svæðum í heimildaskrá. Hugsanlega hafa slæðst með í listana tegundir sem eru utan svæðamarka þar sem að ekki er í öllum tilvikum hægt að greina nákvæma fundarstaði í gagnagrunninum. Upplýsingar um plöntutegundir á háhitasvæðunum spanna tímabilið 1876–2008 og eru margir aðilar skráðir fyrir þeim gögnum (1. viðauki).

Í umfjöllun um svæði verða sérstaklega dregnar saman upplýsingar um tegundir á válista og tegundir bundnar hita í jarðvegi samkvæmt skilgreiningum Harðar Kristinssonar (munnl. heimildir) og Bergþórs Jóhannssonar (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996, María Harðardóttir o.fl. 2008). Válistinn byggir á stöðlum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) en frá því að Válisti um plöntur var gefinn út hafa bæst við upplýsingar um íslenskar tegundir og viðmið Alþjóðanáttúrusamtakanna hafa breyst. Válisti háplantna hefur nýlega verið yfirfarinn út frá nýjum viðmiðum (María Harðardóttir o.fl. 2008). Hins vegar hafa válistar fyrir mosa og fléttur ekki verið yfirfarnir út frá nýjum gögnum og þar finnast tegundir sem munu falla af listanum. Sem dæmi má taka mosategundina hæruburst sem flokkast sem jarðhitategund en er ágeng tegund og ryður öðrum mosategundum úr vegi (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2003, Bergþór Jóhannsson 2003). Því má vænta þess að einhverjar breytingar verði á flokkuninni við endurskoðun válistans.

Auk válistategunda verða einnig nefndar sérstaklega tegundir sem falla í einn af fjórum efstu verndargildisflokkunum sem hafa verið þróaðir að undanfögnu og eru settir fram í Fjölríti Náttúrufræðistofnunar (Hörður Kristinsson o.fl. 2007). Verndargildisflokkarnir eru tíu talsins og fá sjaldgæfustu tegundirnar 10 en þær algengustu 1. Verndargildið byggir á fjölda 10 x 10 km reita sem tegundin kemur fyrir í, fjölda fundarstaða, mælingum á stærð vaxtarsvæða og einnig magni eða fjölda einstaklinga.

3.2 Gróðurkort

Teiknuð voru stafræn gróðurkort af öllum háhitasvæðunum í háhitaverkefninu og stuðst við tiltækar heimildir í gróðurkortasafni Náttúrufræðistofnunar, án sérstakrar vettvangsvinnu. Kortin voru teiknuð á myndkort frá Loftmyndum ehf. en til stuðnings voru einnig notaðar innrauðar Spot 5 gervitunglamyndir. Byggt var á öllum fyrirliggjandi gögnum í safni stofnunarinnar, útgefnu efni, handritum og vettvangsgögnum á loftmyndum. Þær heimildir sem stuðst er við eru tilgreindar eftir svæðum í heimildaskrá.

Fyrirliggjandi gögn eru frá ýmsum tímum og einnig misjöfn að gæðum með tilliti til þeirrar tækni sem notuð var við kortagerðina á hverjum tíma. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að gróðurfar á sumum svæðum sem kortlögð voru fyrir mörgum áratugum hefur tekið miklum breytingum á meðan önnur hafa lítið breyst. Reynt var að uppfæra gróðurteikningu til dagsins í dag og leiðréttu villur út frá myndkortum sem sýna gróður í raunlitum og innrauðum gervitunglamyndum sem sýna gróður í mismunandi rauðum lit eftir blaðgrænumagni. Gróður- og landgreining á vettvangi er samt sem áður í flestum tilvikum nauðsynleg og því ber að áréttu að gróðurkortin sem fylgja þessari skýrslu eru mjög misjöfn að gæðum.

Gróður og land er flokkað með sjónmati í gróðurfélög og landgerðir eftir hefðbundnum gróðurlykli Náttúrufræðistofnunar Íslands (Steindór Steindórsson 1981). Gróður er flokkaður eftir ríkjandi og/eða einkennandi plöntutegundum. Ríkjandi eru tegundir sem hafa mesta gróðurþekju og geta þær verið ein eða fleiri í hverju gróðurfélagi. Einkennandi kallast tegundir sem einkenna tiltekið gróðurfélag án þess að hafa mesta þekju. Þær geta verið ein eða fleiri og eru bundnar við umrætt gróðurfélag. Heiti gróðurfélaga er táknað með lyklum samsettum úr einum hástaf og einum eða tveimur tölustöfum. Hástafur stendur fyrir gróðurlendi og númer aðgreina mismunandi gróðurfélög. Þannig stendur H1 (*grös*) fyrir eitt af graslendisgróðurfélögum og T5 (*grös-starir*) fyrir eitt af deiglendisgróðurfélögum. Gróðurþekja er einnig metin en tákni fyrir skerta gróðurþekju eru rituð aftan við viðkomandi gróðurfélag. Þannig táknar x að meðaltali 75% gróðurþekju, z 50% og þ 25% gróðurþekju. H1x táknar því graslendi með að meðaltali 75% gróðurþekju. Gróið land er skilgreint sem land með gróðurþekju yfir 10%. Lítt eða ógróið land eða bersvæðagróður er því með minna en 10% gróðurþekju og byggir flokkun þess á yfirborðsgerð en ekki gróðri.

Grunngögnin, þ.e. gróðurkortin sem teiknuð eru ofan á myndkortin, eru ekki birt með skýrslunni. Þau hafa aftur á móti verið gagnagrunnstengd og unnin í landupplýsingakerfi til þess að eftir þeim væri hægt að vinna töflur og samandregin þemakort. Í töflum kemur fram samanlagt flatarmál gróðursamfélaga og flokka lítt eða ógróins lands (2. tafla, 8. og 9. viðauki). Endanleg gróðurkort voru sett fram í formi gróðurlenda (14. viðauki).

Í blönduðum gróðurfélögum, þ.e. þegar tvö eða fleiri gróðurfélög koma fyrir í sama reitnum, er flatarmáli skipt jafnt upp á milli viðkomandi gróðurfélaga. Reiturinn er aftur á móti sýndur á þemakorti í lit þess gróðurlendis sem fyrsta gróðurfélagið tilheyrir.

Þar sem ekki var hægt að ákvarða gróðurfélag á gróðurkortinu, og ef augljóst var að um gróðurreit var að ræða, var hann merktur sem ógreindur gróður. Þetta er einkum áberandi við Torfajökul vegna þess hve gróður hefur aukist þar mikið frá því að landið var kortlagt fyrir hart nær hálfri öld. Á svæðinu var það mikið um ógreinda reiti að ekki var talið forsvaranlegt að fjalla sérstaklega um gróðurfara á undirsvæðum.

Gróðurfari og landgerðum á hverju svæði er lýst stuttlega í texta, en tölur í sviga fyrir aftan gróðurlendi eða landgerðir sýna hlutfall af heildarflatarmáli viðkomandi rannsóknarsvæðis eða undirsvæðis sem verið er að fjalla um. Ekki er hér fjallað sérstaklega um jarðhitagróður vegna þess að honum er gerð fullnægjandi skil í skýrslu um gróður á háhitasvæðum (Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009). Nákvæmari lýsingar á gróðursamfélögum, gróðurlendum og helstu gróðurfélögum á rannsóknarsvæðunum eru í 11. viðauka.

3.3 Tegundir smádýra

Með smádýrum er hér átt við hryggleysingja sem lifa á landi á a.m.k. einhverju þroskastigi. Til álita koma liðdýr (skordýr, áttfætlur og fjölfætlur), liðormar og sniglar.

Gögnum um smádýr var ekki safnað sérstaklega á háhitasvæðum vegna rammaáætlunar. Byggt er á fyrirliggjandi gögnum í safni stofnunarinnar og þær heimildir sem stuðst er við eru tilgreindar eftir svæðum í heimildaskrá. Á undanförunum árum hafa smádýr verið rannsökuð á nokkrum svæðum þar sem jarðhiti er á yfirborði. Rannsóknir fóru fram við Hengil árið 2001 (Iris Hansen og Jón S. Ólafsson 2002). Einnig hafa nemar við Háskóla Íslands stundað rannsóknir á sömu slóðum, á Reykjanesi, við Námafjall og Jarðbaðshóla (María Ingimarsdóttir 2000, María Ingimarsdóttir 2004, Guðjón Már Sigurðsson 2007).

Niðurstöðum nefndra rannsókna eru gerð skil í þessari samantekt. Í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar er að finna handahófskennd gögn frá fáeinum öðrum svæðum. Í þeim tilvikum er gerð grein fyrir gögnum úr gagnagrunninum sem aflað hefur verið innan afmarkaðra jarðhitasvæða rammaáætlunar.

3.4 Tegundir fugla

Könnuð voru fyrirbyggjandi gögn um fuglalíf á háhitasvæðunum. Þar var annars vegar um að ræða upplýsingar úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar um varpfugla (ATLAS) og hins vegar margvíslegar skýrslur um fuglalíf sem teknar hafa verið saman á undanförunum árum í tengslum við fyrirhugaða orkunýtingu á háhitasvæðum. Þær heimildir sem stuðst er við eru tilgreindar eftir svæðum í heimildaskrá. Auk skráðra fuglategunda á hverju svæði eru tilgreindir líklegir varpfuglar. Er þar byggt á vinnu sem gerð hefur verið fyrir alla þá tæplega 1200 reiti (10 x 10 km) sem eru úr reitakerfi Náttúrufræðistofnunar. Í umfjöllun um svæði verða sérstaklega dregnar saman upplýsingar um tegundir á valista (13. viðauki) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

3.5 Mat á gögnum

Söfnun upplýsinga um einstaka náttúrufræðisþætti er breytileg á milli svæða. Breytilegt er hve víða hefur verið farið um innan einstakra svæða, í hve fjölbreytt búsvæði og hvenær gögnum var safnað. Vegna þessa er þekking á náttúrufræðisþáttum afar misjöfn milli svæða og einnig gæði gagna. Til að fá mat á þessum breytileika í gögnum var leitast við að meta gæði þeirra gagna sem fyrir liggja. Þekking á einstökum lífveruhópum og gróðurfari á háhitasvæðunum 18 var flokkuð sem góð, nokkur, lítil eða engin (5. tafla). Notast var við eftirfarandi skilgreiningar:

- **Góð;** upplýsingar hafa verið skráðar á skipulegan hátt eða þær eru taldar gefa góða mynd af svæðinu í heild.
- **Nokkur;** talsvert er til af upplýsingum frá svæðinu eða þær eru taldar gefa góða mynd af svæðinu í heild.
- **Lítill;** litlar upplýsingar eru til frá svæðinu, athuganir eru strjálar eða bundnar við lítinn hluta víðfedmra svæða.
- **Engin;** nánast engar upplýsingar eru skráðar á svæðinu.

Líffræðilegur fjölbreytileiki er afar vítt hugtak sem spannar breytileika í genum, tegundum og vistkerfum og er ekki hægt að mæla á heildstæðan hátt. Til að meta breytileikann hafa verið notaðir svokallaðir staðgenglar eða vísar (e. *surrogates* eða *indicators*) sem geta bæði verið beinir eða óbeinir (Sarkar og Margules 2002). Dæmi um beinan vísi er fjöldi tegunda sem mælir einn þátt líffræðilegs fjölbreytileika á tilteknu svæði. Gróðurlendi, gróðurfélög eða vistgerðir eru hins vegar óbeinir vísar á fjölbreytileika því þau endurspeglar frekar tegundasamsetningu og þá ferla sem móta hana (Sarkar og Margules 2002, Sigurður H. Magnússon o.fl. 2009). Í þessari skýrslu er sett fram mat á fjölbreytileika fugla, háplantna og mosa á háhitasvæðum og er matið byggt á fjölda tegunda. Einnig var fjöldi sjaldgæfra tegunda metinn. Þekking á þessum lífveruhópum var ennfremur talin góð. Heildarfjöldi tegunda og fjöldi sjaldgæfra tegunda háplantna, mosa og fugla var skipt í fjóra flokka eftir hámarksfjölda tegunda á háhitasvæðum.

4 UMFJÖLLUN UM EINSTÖK SVÆÐI

Háhitasvæðin sem hér eru til umfjöllunar eru margbreytileg (1. tafla). Þau eru misstór eða á bilinu 5–270 km² og breytileiki í landslagi, bergrunni og hæð yfir sjó er mikill. Flatarmál gróðurs er breytilegt eftir svæðum og fjöldi tegunda innan hvers svæðis og undirsvæðis er nokkuð misjafn. Það getur tengst stærð svæðis en ekki síður hve nákvæmlega svæði hafa verið rannsökuð (1. viðauki, 5. tafla). Í viðaukum er að finna skrár yfir einstakar tegundir háplantna, mosa, fléttna, smádyra og fugla á háhitasvæðum og undirsvæðum (3.–4. og 12.–13. viðauki). Sérstaklega eru dregnar saman upplýsingar um tegundir á válista og tegundir bundnar hita í jarðvegi, svokallaðar jarðhitategundir (5.–7. og 13. viðauki). Fjölbreytileiki gróðurs og flatarmál þeirra er misjafnt á milli svæða (2. tafla, 8.–11. viðauki). Gróðurkort eru aftast í skýrslunni (14. viðauki).

2. tafla. Flatarmál (ha) gróðursamfélaga og landgerða á háhitasvæðum og undirsvæðum þeirra.

Svæði	Gróðursamfélag							Landgerð				Alls	
	Moslendi	Mólendi	Skóg- og kjarlendi	Gras- og blómendi	Ræktað land	Votlendi	Ógreind gróðursamfélög	Samtals gróð land	Byggð, mannvirki og raskað land	Annað lítt eða ógróð land	Vatn		Samtals ógróð land
Reykjanes	139	121		309	<1			570	43	245	10	298	868
Svartsengi-Eldvörp	2512	45		126	7			2689	323	193	8	523	3213
Krýsuvík	3831	49		1157	15	175		5227	12	1626	284	1922	7148
- Sandfell	55							55		13		13	68
- Seltún	162	2		213	2	60		439	4	183	16	203	642
- Trölladyngja	386	<1		177		1		564	1	86	2	90	654
- Austurengjar	27	<1		32		33		92	59		145	203	295
Brennisteinsfjöll	434	9		48				491		46		46	537
Hengill	9009	1081	3	3478	289	354		14214	240	2770	33	3044	17258
- Hverahlíð	1269	210		534	5			2018	3	444		448	2466
- Hellisheiði	1522	137		615	12	60		2346	12	597	1	610	2956
- Nesjavellir	239	89	3		4	2		535	16	74		90	625
- Bitra	301	31		122		32		486		288		288	774
- Ölkelduháls	340	7		202		34		583		97	9	106	689
- Grændalur	931	230		629	97	108		1995	112	370	6	489	2484
Geysir	40	87	99	44	116	66		453	12	35	6	53	506
Kerlingarfjöll	431	31				39		500		2622		2622	3122
- Hveradalir	43	3						46		400		400	446
- Efri-Hveradalir								0		98		98	98
- Hverabotn								0		11		11	11
Hveravellir	100	294		78	5	96		573		839	17	856	1429
Köldukvíslarbotnar								0		2000	2273	4272	4272
Vonarskarð	181	26		<1		66		274		2629	28	2657	2931
Torfajökull*	7590	269	1	7		266	2690	10823		15974	224	16198	27021
Kverkfjöll								0		3078	10	3089	3089
Askja	43							43		1492	1167	2659	2702
Fremrinámar								0		986		986	986
Kröflusvæði	423	2145		171	111	6		2856	36	1654	7	1697	4554
- Krafla	366	1727		167	111	6		2377	36	1026	7	1069	3446
- Leirhnjúkur	57	415		4				475		626		626	1101
Námafjall	86	510	113	348	69			1127	35	526	4	566	1692
Gjástykki	30	147		17				194		892		892	1086
Peistareykir	24	2833	1	237	1	1	3	3100		1680	7	1687	4787

* Ekki er fjallað um gróðurfar á undirsvæðum Torfajökuls vegna ónógra gagna

3. tafla. Fjöldi tegunda smádýra í ættbálkum eða hærri flokkunareiningum á háhitasvæðum og undirsvæðum.

	Reykjanes	Hengill - Hellisheiði	Hengill - Ölkelduháls	Hengill - Grændalur	Geysir	Torfajöll - Landmannalaugar	Námafjall	Króflusvæði - Krafla	Peistareykir
Kakkalakkar (Dictyoptera)				2					
Skortítur (Hemiptera)	2	3	5	2	1	1	2	6	8
Kögurvængjur (Thysanoptera)	2	3	2					2	
Vorflugur (Trichoptera)					1	2			
Fiðrildi (Lepidoptera)	6	8	4	17	8	4	2	8	7
Bjöllur (Coleoptera)	21	36	27	24	13	8	9	23	28
Æðvængjur (Hymenoptera)	28	25	20	11	7	2	7	28	42
Tvívængjur (Diptera)	38	54	47	32	41	65	16	39	51
Köngulær (Araneae)	10	33	20	5	2	7	6	24	31
Langfætlur (Opiliones)	1	1	1	1	1		1	1	1
Drekar (Pseudoscorpiones)				1					
Fjölfætlur (Myriopoda)	1			6	3			1	
Jarðormar (Oligochaeta)	3	2	2	1			1	2	1
Sniglar (Gastropoda)	3	2		11					2

4. tafla. Fjöldi plöntutegunda, gróðurfélaga, landgerða, smádyrategunda og fuglategunda á háhitasvæðum og undirsvæðum þeirra. Manngerð gróðurfélög og landgerðir eru undanskilin. Bandstrik (-) gefur til kynna að upplýsingar eru ekki fyrir hendi.

Háhitasvæði - undirsvæði	Há- plöntur	Mosar	Fléttur	Gróður- félög	Land- gerðir	Smádyr	Fuglar
Reykjanes	94	53	19	17	10	115	34
Svartsengi-Eldvörp	131	43	18	9	7	72	24
Krýsuvík	219	130	47	33	15	15	30
Sandfell	-	-	-	2	2		6
Seltún	202	55	5	15	11	5	27
Trölladyngja	90	-	-	12	9		15
Austurengjar	159	28	1	16	7		20
Brennisteinsfjöll	64	50	17	10	5	-	7
Hengill	235	240	116	43	13		32
Hverahlíð	66	42	2	21	7	-	9
Hellisheiði	144	132	15	35	9	167	19
Nesjavellir	105	-	2	19	3	-	18
Bitra	-	-	-	15	6	-	15
Ölkelduháls	122	87	17	22	9	128	19
Grændalur	212	116	102	23	8	81*	25
Geysir	172	61	9	21	7	77	28
Kerlingarfjöll	92	54	56	12	5		7
Hveradalir	69	52	49	4	4	-	4
Efri-Hveradalir	-	-	-	0	1	-	1
Hverabotn	13	10	6	0	2	-	1
Hveravellir	168	152	54	20	6	11	19
Köldukvíslarbotnar	63	55	9	0	6	27	3
Vonarskarð	82	84	17	12	8	-	5
Torfajökull	182	129	63	35	12		22
Blautakvísl	61	49	8	-	-	-	6
Vestur-Reykjadalir	65	61	14	-	-	-	7
Austur-Reykjadalir	76	72	11	-	-	-	6
Jökultungur	30	32	1	-	-	-	2
Landmannalaugar	176	137	26	-	-	89	18
Kaldaklof	112	51	7	-	-	-	5
Kverkfjöll	0	16	0	0	5	-	1
Askja	50	60	14	3	7	-	2
Fremrinámar	29	17	14	0	6	-	1
Kröflusvæði	139	79	50	42	11		18
Krafla	136	61	44	39	11	134	16
Leirhnjúkur	50	48	16	17	6	-	7
Námafjall	133	45	14	21	7	44	39
Gjástykki	49	30	11	7	3	-	11
Peistareykir	171	48	68	29	9	171	17

*Á aðallega við fjölda smádyra sem hafa fundist í Hveragerði

4.1. Reykjanes

Háhitasvæðið á Reykjanesi er eitt hið minnsta á landinu eða um 9 km² að flatarmáli og það er í 10–70 m h.y.s.

Plöntur

Svæðið á Reykjanesi hefur verið vel skoðað og allgóðar upplýsingar eru fyrir hendi um háplöntur og mosa og þekking á fléttum er nokkur. Upplýsingar um háplöntur á svæðinu eru allt aftur til ársins 1883 en skráningar á mosum og fléttum hófust 1965. Á svæðinu eru skráðar 94 háplöntutegundir, 53 mosategundir og 19 fléttutegundir. Á Reykjanesi finnast jarðhitategundirnar grámygla, naðurtunga og flóajurt en tvær síðastnefndu eru á válista. Þar finnst einnig renglutungljurt sem er með hátt verndargildi. Átta jarðhitamosar eru skráðir og eru fjórar tegundir mosa á válista. Engar sjaldgæfar fléttutegundir eru skráðar á svæðinu.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1967 Gefið hefur verið út gróðurkort í mælikvarða 1:40.000. Einnig er til í handriti gróður- og jarðakort í mælikvarða 1:25.000. Gróður- og landgreining var endurskoðuð á vettvangi eftir myndkortum árin 2001 og 2008. Gróðurfarsúttektir Náttúrufræðistofnunar á svæðinu hafa verið birtar í skýrslum.

Tveir þriðju hlutar svæðisins teljast gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gras- og blómlendi þekur mest af flatarmáli svæðisins (36%), moslendi (16%) og mólendi (14%). Ekkert votlendi er á svæðinu og þriðjungur þess er lítt eða ógróið land. Útbreiddustu landgerðir eru *hraun* (hr) og *sandorpið hraun* (sah) en byggð og önnur mannvirki eru einnig fyrirferðamikil.

Gróðurfar á svæðinu er fremur einsleitt. Graslendi er útbreiddasta gróðurlendið og er þekja þess mjög breytileg. Í hrauninu er gróðurþekjan gisin en mun samfelldari þar sem jarðvegur er til staðar. Tvö algengustu gróðurfélögin eru H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*). Það fyrrnefnda er algengara þar sem jarðvegur er til staðar en það síðarnefnda er frekar í hrauninu, þar sem nokkuð er um feyskna einiberjarunna sem eru leifar af horfnu mólendi. Melgresi er áberandi um allt svæðið. Mosagróður er dreifður um allt svæðið en gróðurþekjan er almennt gisin. Útbreiddustu gróðurfélögin eru A4 (*mosi með smárunnum*) og A8 (*mosi með grösum og smárunnum*). A21 (*mosi á jarðhita og blóðberg*) er sérstakt jarðhita-gróðurfélag sem finnst við Gunnuhver. Gróðurfélagið er ekki í hefðbundnum gróðurlykli Náttúrufræðistofnunar.

Smádýr

Smádýrum var safnað í fallgildirur á sniðum við Gunnuhver 2001–2002. Sniðin voru lögð frá mesta hita sem næst hveraaugum og í fallandi hita út fyrir áhrif hveranna á yfirborðshitann. Sýnataka fór fram í heilt ár. Þannig fengust upplýsingar bæði um áhrif jarðhita og árstíða. Þekking á smádýralífi við Gunnuhver telst því góð.

Að lágmarki 115 tegundir smádýra hafa fundist á jarðhitasvæðinu við Gunnuhver. Sumir tegundahópar hafa ekki verið greindir til tegunda. Í þeim tilvikum er hópurinn talinn sem ein tegund en þær kunna þó að vera mun fleiri.

Fáar tegundanna geta talist háðar jarðhitunum og e.t.v. aðeins ein, þ.e. húsamaur *Hypoponera punctatissima* sem hefur til þessa einungis fundist innanhúss eða í og við gróðurhús. Laugaflugan *Scatella tenuicosta* f. *thermarum* finnst aðeins við jarðhita en móðurformið er

algengt utan jarðhitasvæða. Á lista eru einnig tegundir sem líkar vel vist á jarðhitasvæðum, t.d. reyrslæða *Crambus pascuella* og gullvarta *Cytilus sericeus*, án þess þó að vera jarðhitanum háðar. Tvívængjur eru fjölbreyttasti hópurinn með 38 tegundir að lágmarki. Staðhættir bjóða í raun ekki upp á mikinn fjölbreytileika en nálægð við sjó hefur jákvæð áhrif á tegundafjöldann. Tvær afar fágætar tegundir fundust, þ.e. jötunuxarnir *Cypha longicornis* og *Tachyporus nitidulus*.

Fuglar

Fuglalíf hefur verið kannað ítarlega á Reykjanesi, m.a. í tengslum við jarðhitanýtingu. Alls hafa verið skráðar 34 tegundir varpfugla, fleiri en á nokkru öðru háhitasvæði að Námafjalli undanskildu. Meðal þeirra eru margar tegundir sjófugla sem orpið hafa í Valahnúk. Kríuvarpið á Reykjanesi var um árabil eitt hið stærsta á landinu, stundum yfir tíu þúsund pör. Mjög lítið kríuvarp var þar sumarið 2008 enda hefur mikill átubrestur verið hjá kríum við sunnan- og vestanvert landið frá 2005. Vaxandi máfavarp, einkum sílamáfs hefur verið á svæðinu undanfarin ár og nú verpa þar hundruð para. Að öðru leyti verpa á svæðinu einkum ýmsir mófuglar, flestir strjált. Svæðið hefur mikið aðdráttarafl fyrir fuglaskoðara, því auk fjölbreyttra varpfugla má sjá ýmsar tegundir sjófugla frá útsýnisstöðum við ströndina.

Fimm tegundir eru á valista. Haförn varp á fyrri hluta 19. aldar í Stampahrauni, varpstaður er óþekktur en gæti verið í nánd við fyrirhugað vinnslusvæði. Rjúpa er strjáll varpfugl og stöku pör af stormmáfi hafa orpið í sílamáfsvarpinu. Svartbakur verpur strjált innan um aðra máfa á svæðinu. Þrjú setur hrafna eru þekkt og verpa hrafnar nær árlega í Valahnúk, oft við Sandvík og stundum í Háleyjarbungu.

4.2 Svartsengi-Eldvörp

Háhitasvæðið er um 32 km² að flatarmáli og er í 10–220 m h.y.s.

Plöntur

Góðar upplýsingar eru til um háplöntur á svæðinu, minna er vitað um mosa og lítið um fléttur. Upplýsingar um háplöntur ná aftur til ársins 1885 en mosar og fléttur hafa verið skráðar frá því um kringum 1980. Alls er skráð 131 háplöntutegund, 43 mosategundir og 18 fléttutegundir. Jarðhita- og válistategundin naðurtunga vex á svæðinu. Þar vaxa einnig giljaflækja og renglutungljurt sem báðar hafa hátt verndargildi. Fjórir jarðhitaamosar eru til staðar og af þeim er hæruburst á valista. Engar sjaldgæfar fléttutegundir eru skráðar á svæðinu.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1967 Gefið hefur verið út gróðurkort í mælikvarða 1:40.000. Einnig er til í handriti gróður- og jarðakort í mælikvarða 1:25.000. Gróður- og landgreining var endurskoðuð á vettvangi eftir myndkortum 2008.

Mestur hluti svæðisins telst gróið land þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju (84%). Moslendi þekur meginhlutann af flatarmáli þess (78%) en dálítið er af gras- og blómlendi (4%). Önnur gróðursamfélög sem koma fyrir hafa mjög litla útbreiðslu og ekkert votlendi er á svæðinu. Einungis 16% er lítt eða ógróið land en mestur hluti þess er byggð, mannvirki og raskað land. Nokkrar landgerðir lítt eða ógróins lands, eins og me (*melar*), sk (*skriður*) og gt (*stórgrýtt land*), eru í og við fjöllin Þorbjörn og Svartsengisfell.

Gróðurfar á svæðinu er mjög einsleitt og gróðurþekja frekar ósamfelld. Mestur hluti gróins lands er á hrauni sem að mestu leyti er hálfgróið eða gróið að þrem fjórðu hlutum. Mosagróður er eins og fyrr segir útbreiddasta gróðurlendið og þekur 93% af grónu landi á svæðinu. Mosagróður vex aðallega í hrauninu sem er ýmist hálfgróið eða gróið að tveimur þriðju hlutum. Gróðurfélög sem koma fyrir hafa öll talsverða útbreiðslu en þau eru A1 (*mosi*), A4 (*mosi með smárunnum*) og A8 (*mosi með grösom og smárunnum*). Graslendi hefur ekki mikla útbreiðslu á svæðinu nema við Þorbjörn og Svartengisfell og næst byggð og mannvirkjum þar sem þekjan er umtalsverð. Gróðurfélögin sem koma fyrir eru H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*).

Rétt suðvestan undir gígnum við borplanið í miðri Eldvarparöðinni er þekja einis áberandi mikil. Þess vegna þótti rétt að flokka gróðurinn þar sem sérstakt gróðurfélag B11 (*einir-krækilyng-beitilyng*) þó það sé ekki til í hefðbundnum gróðurlykli.

Smádýr

Nokkrar upplýsingar eru til í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands um smádýr í trjáræktarlundi norðan undir Þorbirni en þær eru utan áhrifasvæðis jarðhitans og honum óviðkomandi. Um er að ræða 72 tegundir smádýra á skrá.

Fuglar

Fuglalíf er sæmilega þekkt og er það fjölbreyttara en ætla má við fyrstu sýn. Allt að 24 tegundir fugla hafa orpið á svæðinu. Fýlabyggð er í Þorbirni og stórt máfavarp innan Natógirðingar sunnan fjallsins. Þar verpa a.m.k. 200 sílamáfspör og tugir silfurmáfa. Svartbakar urpu þar áður. Í skógræktarreitnum við Baðsvelli norðan við Þorbjörn verpa nú m.a. glókkollar.

Þrjár tegundir eru á válista. Rjúpa er strjáll varpfugl, varp svartbaks var strjált fram undir 1990 í Natógirðingu sunnan Þorbjarnar. Hrafn verpur nær árlega í Þorbirni og oft í Hagafelli. Auk þess eru tvö önnur setur í jaðri svæðisins.

4.3 Krýsuvík

Háhitasvæðið er eitt það stærsta á landinu eða um 71 km² og er í 120–360 m h.y.s. Fjögur undirsvæði eru: Sandfell, Seltún, Trölladyngja og Austurengjar.

Plöntur

Góðar upplýsingar eru til um háplöntur og mosa í Krýsuvík. Hins vegar er þekking á fléttum lítil. Skráning tegunda hófst 1840 og hefur svæðið verið heimsótt allmörg ár og tegundir skráðar víða. Á svæðinu eru skráðar 219 háplöntutegundir, 130 mosategundir og 47 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar tunguskollakamb, naðurtungu og laugadeplu er að finna á svæðinu, tvær síðastnefndu á válista. Einnig eru blátoppa, hnotsörvi, renglutungljurt, skógfjóra og vatnalaukur sem eru ýmist á válista eða metnar með hátt verndargildi. Jarðhitamosarnir laugaskrúð, laugaslyðra og slæðumosi eru á svæðinu ásamt válistategundinni bikarmosa. Fléttutegundin goskróar er skráð en hún er metin með hátt verndargildi.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 á árunum 1963–1964. Gefið hefur verið út gróðurkort í mælikvarða 1:40.000. Einnig er til í handriti gróður- og jarðakort í mælikvarða 1:25.000. Gróður- og landgreining var endurskoðuð á vettvangi eftir myndkortum árið 2007.

Um tveir þriðju hlutar svæðisins er gróið land þ.e land með meira en 10% gróðurþekju. Meira en helmingur svæðisins er gróinn moslendi (54%). Gras og blómendi þekja 16%, mólendi 1% og votlendi 2%. Ræktað land kemur fyrir á nokkrum hekturum. Fjórðungur svæðisins er lítt eða ógróið land en þar af er vatn 4%. Útbreiddustu landgerðirnar eru gt (*stórgrýtt land*) (9%), me (*melar*) (7%) og av (*vatn*) (4%).

Svæðið er þokkalega gróið, gróðurfar er fjölbreytt og gróðurþekja breytileg. Liðlega helmingur af flatarmáli svæðisins er gróinn að þremur fjórðu hlutum eða meira. Mosagróður þekur liðlega helming af flatarmáli svæðisins. Tveir þriðju hlutar hans eru á hrauni sem almennt er nokkuð vel gróið. Mosagróðurinn er fjölbreyttur sem marka má af því að átta gróðurfélög koma fyrir á svæðinu. Útbreiddust gróðurfélögin eru A1 (*mosi*) og A8 (*mosi með grösom og smárunnum*).

Graslendi á hefur mjög mikla útbreiðslu á hraunlausu hluta svæðisins. Á Höskuldarvöllum, Selsvöllum og Vigdísarvöllum eru hundruð hektarar af iðagrænu samfelldu grónu valllendi sem er sérstætt bæði á héraðs- og landsvísu. Graslendi er víða samfelld og fallet neðst í hlíðum fjallgarðanna tveggja sem ganga í gegnum svæðið. Suðvestan við Kleifarvatn er það aftur á móti tætingslegra. Fimm graslendisgróðurfélög koma fyrir á svæðinu en langmesta útbreiðslu hafa H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*).

Talsvert votlendi er suðvestur af Kleifarvatni en það finnst vart annars staðar á svæðinu. Í því hefur mýrlendi mesta útbreiðslu en talsvert er af deiglendi og flóa. Útbreiddustu gróðurfélög mýrarinnar eru U8 (*mýrastör-gulstör*) og U4 (*mýrastör-klófífa*). T21 (*grös og sef*) er sérstakt og staðbundið gróðurfélag sem ekki er í hefðbundnum gróðurlykli Náttúrufræðistofnunar. Það er að finna á nokkrum hekturum við suðurenda Kleifarvatns.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr á jarðhitasvæði í Krýsuvík eru nánast engar, ef frá er talin sýnataka sem fór fram vegna flokkunarfræðirannsóknna á laugaflugunni *Scatella tenuicosta* f. *thermarum* sem er algeng við heitt yfirborðsvatn. Við sýnatökuna fylgdu fjórar aðrar tegundir skordýra sem voru rannsóknunum óviðkomandi (tvívængjurnar *Clinocera stagnalis*, *Hydrellia griseola* og *Rachispoda lutosa* og æðvængjan *Chorebus affinis*). Í safni Náttúrufræðistofnunar eru varðveittar 15 tegundir að auki sem safnað hefur verið í landi Krýsuvíkur sunnan og utan jarðhitasvæðisins.

Fuglar

Fuglalíf er vel þekkt í Krýsuvík og nágrenni, m.a. á hverasvæðum í tengslum við undirbúning umhverfismats Hitaveitu Suðurnesja og línulagna Landsnets. Alls eru 30 tegundir þekktar sem varpfuglar og er Krýsuvík ásamt Hengli og Reykjanesi hið tegundaríkasta af háhitasvæðunum. Ástæðan er einkum varp votlendistegunda við Seltún og á Austurengjum.

Tegundir á valista eru fimm. Nokkur pör af grágæs verpa í mýrlendinu sunnan við Kleifarvatn. Vitað er um varp hafarnar undir lok 19. aldar í Arnarnípu sem er í grennd við hugsanlegt vinnslusvæði. Rjúpa er strjáll varpfugl og svartbakur var áður með varp við Kleifarvatn. Hrafn verpir á nokkrum stöðum á svæðinu.

4.3.1 Sandfell

Plöntur

Engar skráningar eru til um plöntutegundir á svæðinu.

Gróðurfar

Svæðið er ekki nema 0,7 km² að flatarmáli. Það er nokkuð vel gróið en 81% telst vera gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurþekja er nokkuð samfelld og gróðurfarið mjög einsleitt. Nær allt gróið land á svæðinu er á hrauni.

Mosagróður er eina gróðurlendið sem kemur fyrir og meginhluti þess flokkast undir gróðurfélagið A1 (*mosi*) sem er hreinn mosagróður með fáum fylgitegundum. Lítt eða ógróna landið er allt í fjallinu Sandfelli en það skiptist í tvær landgerðir, gt (*stórgrýtt land*) og sk (*skriður*).

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf var kannað sérstaklega við Sandfell sumarið 2007 og leiddi athugunin í ljós afar fábrotið fuglalíf. Einungis er talið að sex tegundir verpi á sjálfu viðnámssvæðinu og næsta nágrenni þess. Engin válistategund verpur með vissu en rjúpur eru skammt undan.

4.3.2 Seltún

Plöntur

Tegundir háplantna og mosa eru vel þekktar en litlar upplýsingar eru um fléttur. Háplöntur hafa verið skráðar á svæðinu frá 1840, mosar frá 1959 en fléttum var einungis safnað árið 2005. Á svæðinu eru skráðar 202 háplöntutegundir, 55 mosategundir og 5 fléttutegundir. Af undirsvæðunum er Seltún með flestar háplöntutegundirnar. Á svæðinu vaxa jarðhitategundirnar naðurtunga og laugadepla sem báðar eru á valista. Einnig finnast vatnalaukur, skógfjóra og hnotsörvi sem allar eru með hátt verndargildi. Jarðhitamosarnir laugaskrúð og laugaslyðra eru skráðar en engin sjaldgæf fléttutegund.

Gróðurfar

Svæðið er samtals 6,4 km² að flatarmáli. Það er þokkalega gróið en 68% telst vera gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfar er frekar fjölbreytt og gróðurþekja er nokkuð misjöfn. Tæplega helmingur gróins lands eru með 75% gróðurþekju eða meira. Ekkert gróið land er á hrauni.

Sandfellssvæðið er mjög grasgefið miðað við heildarsvæðið í Krýsuvík. Graslendi þekur 33% af flatarmáli svæðisins og mosagróður 25%. Graslendisgróðurfélögin sem koma fyrir eru H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*). Langútbreiddasta mosagróðurfélagið er einnig grasgefið, en það er A8 (*mosi með grösum og smárunnum*). Votlendi á svæðinu er umtalsvert eða samtals 9% af flatarmálinu. Það er aðallega að finna norðan við Grænavatn og er fjölbreytileiki þess talsverður. Mýri hefur mesta útbreiðslu og er gróðurfélagið U8 (*mýrastör-gulstör*) langalgengast. Af lítt eða ógróna landinu eru me (*melar*), gt (*stórgrýtt land*) og hvl (*hveraleir*) útbreiddustu landgerðirnar.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr á jarðhitasvæði í Seltúni eru litlar sem engar (sjá kafla 4.3).

Fuglar

Fuglalíf er vel kannað á þessu svæði og eru 27 tegundir taldar líklegir varpfuglar, fleiri en á nokkru öðru undirsvæði. Votlendið sunnan Kleifarvatns dregur til sín margar fuglategundir

sem er að öðru leyti eru sjaldgæfar á Reykjanesskaga. Um válistategundir gildir það sem sagt er um Krýsuvík almennt.

4.3.3 Trölladyngja

Plöntur

Skráning háplantna við Trölladyngju hófst 1884 en flestar tegundir voru skráðar 1979, 1987 og 2007. Háplöntulistinn gefur nokkuð góða mynd af svæðinu en engar upplýsingar eru hins vegar til um mosa og fléttur. Alls eru skráðar 90 háplöntutegundir og á plöntulistanum eru m.a. jarðhitategundirnar varmadepla, tunguskollakambur og naðurtunga, tvær síðastnefndu eru á válista.

Gróðurfar

Svæðið er samtals 6,54 km² að flatarmáli. Það er talsvert vel gróið en 86% telst vera gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurþekja er nokkuð samfelld og gróðurfarið frekar einsleitt. Um 42% af grónu landi er á hrauni.

Mosagróður (59%) og graslendi (27%) eru einu gróðurlendin sem hafa einhverja útbreiðslu á svæðinu. Mörg mosagróðurfélög koma fyrir en langmesta útbreiðslu hefur A1 (*mosi*). Í graslendinu hafa H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*) mesta útbreiðslu sem og oft áður. Votlendi er lítið sem ekkert. Af lítt- eða ógróna landinu eru sk (*skriður*) og me (*melar*) útbreiddustu landgerðirnar.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf er sæmilega þekkt við Trölladyngju og á Höskuldarvöllum. Talið er að þar verpi um 15 tegundir fugla, aðallega algengir mófuglar. Af sjaldgæfum tegundum má nefna smyril sem orpið hefur í Lambafelli við Trölladyngju og vestan í Sveifluhálsi við Ketilsstíg. Rjúpa er eina válistategundin.

4.3.4 Austurengjar

Plöntur

Tegundir háplantna eru vel skráðar á Austurengjum en lítil þekking er á mosum og fléttum. Á svæðinu eru skráðar 159 háplöntutegundir, 28 mosategundir en einungis 1 fléttutegund. Jarðhita- og válistategundin laugadepla er á svæðinu ásamt hnotsörva sem er með hátt verndargildi. Jarðhitamosinn laugaslyðra er á svæðinu.

Gróðurfar

Svæðið er samtals 2,95 km² að flatarmáli en helmingur þess er vatn. Um 61% af þeim hluta svæðisins þar sem fast land er undir fótum, er gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Austurengjasvæðið telst frekar illa gróið miðað við heildarsvæðið þó að gróðurþekja sé alla jafnan nokkuð góð í gróðri. Ekkert gróið land er á hrauni.

Graslendi (11%) og blómlendi (9%) þekja 64% af grónu landi á svæðinu. Votlendi (11%) er einnig mjög mikið að flatarmáli og þekur eitt og sér 36% af grónu landi. Útbreiddustu gróðurfélög mosagróðursins eru A8 (*mosi með grösum og smárunnum*) og A5 (*mosi með grösum*). Í graslendinu er H1 (*grös*) útbreiddust og í votlendinu U4 (*mýrastör-klóffja*). Af lítt

eða ógrónu landi, að vatni undanskildu, eru gt (*stórgrýtt land*), me (*melar*) og le (*blautar áreyrar*) útbreiddustu landgerðirnar.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf er sæmilega þekkt og talið er að um 20 tegundir verpi eða nokkru færri en við Seltún. Þeirra á meðal eru válistategundirnar grágæs og rjúpa.

4.4 Brennisteinsfjöll

Háhitasvæðið í Brennisteinsfjöllum er um 5 km² og er það í 390–560 m h.y.s.

Plöntur

Góðar upplýsingar eru til um háplöntur á svæðinu, minna er vitað um tegundir mosa og litlar upplýsingar eru um fléttur. Háplönturnar voru fyrst skráðar 1936 en mosum og fléttum var aðallega safnað 2006. Á svæðinu eru skráðar 64 háplöntutegundir, 50 mosategundir og 17 fléttutegundir. Sex jarðhitamosar eru á svæðinu. Einnig finnst mosinn klettavendill og fléttan hreisturbikar sem eru á válista.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1963. Gefið hefur verið út gróðurkort í mælikvarða 1:40.000. Gróður- og landgreining var endurskoðuð á loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1989.

Svæðið telst nær allt vera gróið land (91%) þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Mestur hluti landsins flokkast sem moslendi (81%). Önnur gróðursamfélög eru gras- og blómlendi (9%) og mólendi (2%). Af þeim 9% sem teljast lítt eða ógróið land eru hr (*hraun*), me (*melar*) og mo (*moldir*) útbreiddustu landgerðirnar.

Svæðið er mjög vel gróið og gróðurþekja frekar samfelld miðað við að 82% gróins lands er á hrauni. Gróðurfar er einsleitt og svæðið einkennist af mosagróðri sem vex nær allur í hrauni. Útbreiddustu gróðurfélögin eru A1 (*mosi*), A8 (*mosi með grösom og smárunnum*) og A4 (*mosi með smárunnum*). Utan í hraunlausum hlíðum og holtum þar sem jarðvegur er til staðar eru graslendisflákar sem oft mynda torfur. Helstu gróðurfélög graslendis á svæðinu eru H2 (*grös með störum*) og H3 (*grös með smárunnum*). Í fyrrnefnda gróðurfélaginu er stinnastör ríkjandi ásamt grösum.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur lítið verið kannað á þessum slóðum og sennilega nánast ekkert á sjálfu jarðhitasvæðinu. Tegundalistinn er þó talinn gefa góða vísbendingu um þá fugla sem verpa á þessum slóðum. Fuglalíf er fábreytt, sjö tegundir varpfugla eru skráðar, allt dæmigerðir mófuglar á fremur rýru landi. Rjúpa er eina tegundin á válista.

4.5 Hengill

Við Hengil er kennt eitt af stærstu háhitasvæðum landsins, um 173 km² að flatarmáli og er það frá 30–680 m h.y.s. Dregnar voru saman upplýsingar um sex undirsvæði: Hverahlíð, Hellisheiði, Nesjavelli, Bitru, Ölkelduháls og Grændal.

Plöntur

Í heild eru til góðar upplýsingar um plöntutegundir við Hengil en misjafnt er milli undirsvæða hve góð skráning hefur verið og eru bestu upplýsingarnar að finna frá Hellisheiði, Grændal og Ölkelduhálsi. Fyrstu skráningar um háplöntur og mosa eru frá því seint á 19. öld en farið var að skrá fléttur um miðja 20. öldina. Á svæðinu eru skráðar 235 háplöntutegundir, 240 mosategundir og 116 fléttutegundir. Allmargar valista- og jarðhitategundir eru á svæðinu. Jarðhitategundir grámygla, flóajurt, laugadepla, naðurtunga, og varmadepla vaxa á svæðinu. Þar finnast einnig blóðkollur, giljaflækja og hnotsörvi sem allar eru með hátt verndargildi. Á svæðinu eru skráðar átta mosategundir á valista og átta skilgreindar jarðhitategundir. Þrjár fléttutegundirnar með hátt verndargildi eru skráðar.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árin 1963–1964 og 1969. Gefin hafa verið út gróðurlandkort í mælikvarða 1:40.000 og gróður- og jarðakort í mælikvarða 1:25.000. Gróður- og landgreining var endurskoðuð á syðsta hluta svæðisins 1993 á loftmyndir í mælikvarða 1:36.000. Gróður- og landgreining var endurskoðuð eftir myndkortum á vettvangi á árunum 2002 til 2007.

Liðlega þrjú fjórðu hlutar svæðisins telst gróið land þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Moslendi þekur um helming af flatarmáli svæðisins (52%). Gras- og blómendi er einnig mjög útbreitt (20%) og talsvert er um mólendi (6%). Fremur litla útbreiðslu hafa ræktað land (2%) og votlendi (2%). Tæpur fimmtungur af svæðinu er lítt eða ógróið land. Margar landgerðir koma við sögu en afgerandi mesta útbreiðslu hafa me (*melar*) og gt (*stórgrýtt land*).

Svæðið er gróðurfarslega frekar einsleitt og nokkuð vel gróið, einkanlega á flatlendi. Gróður í fjalllendinu er gisnari, en þar er samt talsvert um samfelld ógróin svæði. Um 14% gróins lands á svæðinu er á hrauni.

Mosagróður er útbreiddasta gróðurlendið. Um fimmtungur hans vex á hrauni en hann er algengur um allt svæðið bæði á flatlendi og í fjalllendi þar sem gróðurþekja er að jafnaði gisnari. Í mosagróðrinum vaxa fjölmargar háplöntutegundir, en langalgengustu gróðurfélögin eru A4 (*mosagróður með smárunnum*) og A8 (*mosagróður með grösom og smárunnum*). Gróðurfélögin A1 (*mosi*), A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*) og A7 (*mosi með þursaskeggi og smárunnum*) hafa einnig talsverða útbreiðslu.

Graslendi er algengt um allt Hengilssvæðið. Einkum er það áberandi neðst í hlíðum fjalla og í lægðum þar sem raki er meiri og jarðvegur er til staðar. Fjölbreytileiki gróðurfélaga er talsverður, en algengustu gróðurfélögin eru H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*). Af mólendinu er lynngrói algengasta gróðurlendið en hann er helst að finna í gróðurtorfum í fjalllendinu, einkanlega í hlíðarslökkum. Algengustu gróðurfélögin eru B2 (*krækilyng-bláberjalyng-sauðamergur*) og B7 (*bláberjalyng-krækilyng-víðir*). Það fyrrnefnda er einkennandi á svæðum sem standa áveðra og þar sem vaxtarskilyrði eru að öðru leyti slæm.

Í votlendinu hafa mýrar afgerandi mesta útbreiðslu. Lítið fer fyrir deiglendi en flóar finnast á nokkrum stöðum. Fjölbreytileiki mýrlendisins er talsverður. Algengasta gróðurfélag

mýrarinnar er U19 (*mýrastör-tjarnastör*) en slíkar mýrar eru mjög áberandi í votlendinu á Mosfellsheiði. Á vesturhluta Hengilssvæðisins afmarkast mýrlendið við Fremstadal, Þverárdal og við rætur Húsmúla. Það er aftur á móti dreifðara á vesturhlutanum en á suðurhluta svæðisins er ekkert votlendi. Vert er að vekja athygli á því að votlendi er lítið hlutfall af flatarmáli alls svæðisins.

Athygli skal einnig vakin á sérstæðum gróðri innarlega í Innstadal. Þar er 55 ha samfelld algróin flatneskja með stinnastararmóa G2 (*stinnastör-smárunnar*) sem er sérstæð bæði á lands og héraðsvísu.

Smádýr

Umtalsverðar upplýsingar liggja fyrir um smádýr á tveim undirsvæðum við Hengil en skipulagðar og staðlaðar rannsóknir fóru fram á Hellisheiði og Ölkelduhálsi árin 2001 og 2002. Nokkrar upplýsingar eru til frá þriðja svæðinu, þ.e. Grændal, en þær eru tilfallandi og að nokkru leyti tengdar áhrifum ylræktar.

Fuglar

Fuglalíf hefur verið kannað allvel víða við Hengil, m.a. á hverasvæðunum og hugsanlegum orkuvinnslusvæðum. Einnig hefur þéttleiki mófugla verið metinn á magnbundinn hátt á stórum hluta svæðisins. Tegundalistinn er því að öllum líkindum tæmandi en talsvert vantar á að hægt sé að segja til með vissu um dreifingu einstakra tegunda. Allt að 32 tegundir hafa orpið og eru sumar þeirra bundnar við Hveragerði sem tilheyrir undirsvæðinu Grændal.

Fimm tegundir eru á valista: grágæs, straumönd, rjúpa, fálki og hrafn. Tvö setur eru þekkt hjá fálkanum og vitað er að hrafn verpur á nokkrum stöðum.

4.5.1 Hverahlíð

Plöntur

Nokkuð er til af upplýsingum um háplöntur og mosa frá svæðinu en nær ekkert er vitað um fléttuflóru. Á svæðinu eru skráðar 66 háplöntutegundir, 42 mosategundir og 2 fléttutegundir. Skráning fór fram á árunum 1936–2006. Jarðhitamosinn laugaslyðra vex á svæðinu.

Gróðurfar

Hverahlíð er þriðja stærsta undirsvæðið á Hengilssvæðinu, samtals 24,7 km² að flatarmáli. Svæðið er vel gróið nema efst til fjalla eins og í og við Stóra Sandfell og Skálafell. Um 82% svæðisins telst gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfar er frekar einsleitt og gróðurþekja tiltölulega samfelld. Um fimmtungur gróins lands er á hrauni, einkanlega mosagróður.

Segja má að þrjú gróðurlendi séu ríkjandi á svæðinu. Mosagróður hefur mesta útbreiðslu (51%), graslendi (22%) og lyngmói (7%). Í mosagróðrinum eru algengustu gróðurfélögin A4 (*mosi með smárunnum*), A1 (*mosi*) og A8 (*mosi meðgrösom og smárunnum*). Ríkjandi graslendisgróðurfélag er H3 (*grös með smárunnum*) en H1 (*grös*) sést þó víða. Langalgengasta gróðurfélagið í lyngmóanum er B7 (*bláberjalyng-krækilyng-víðir*). Ekkert votlendi er kortlagt á svæðinu. Af lítt eða ógróna landinu eru gt (*stórgrýtt land*) og me (*melar*) útbreiddustu landgerðirnar.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur verið fremur lítið skoðað á þessu svæði en þó eru til magnbundnar upplýsingar úr sniðtalaningum. Talið er að níu tegundir fugla verpi á svæðinu, nær allt algengir mófuglar. Rjúpa er eina tegundin á válista.

4.5.2 Hellisheiði

Plöntur

Góð þekking er á háplöntum og mosum á Hellisheiðinni en litlar upplýsingar eru til um fléttur. Til eru skráningar um mosa frá 1897, um háplöntur frá 1928 og fyrstu skráningar um fléttur eru frá árinu 1961. Á svæðinu eru skráðar 144 háplöntutegundir, 132 mosategundir og 15 fléttutegundir. Grámygla, laugadepla og naðurtunga vaxa á svæðinu, þær eru jarðhitategundir og tvær síðastnefndu eru á válista. Sex jarðhitamosar eru á svæðinu og eru hveraburst, hæruburst og laugarandi á válista.

Gróðurfar

Hellisheiði er stærsta undirsvæðið á Hengilssvæðinu, samtals 29,6 km² að flatarmáli. Svæðið er vel gróið á láglandi og þökkalega gróið til fjalla. Í heildina má segja að það sé nokkuð vel gróið en 79% telst gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfar er frekar einsleitt og gróðurþekja nokkuð samfelld. Um fjórðungur gróins lands er á hrauni.

Mosagróður (51%) hefur mesta útbreiðslu gróðurlenda á svæðinu en graslandi (21%) kemur næst í röðinni. Starmói og mýri þekja 2% hvort um sig. Í mosagróðrinum er talsverð fjölbreytileiki gróðurfélaga. Eftirtalin gróðurfélög hafa öll talsverða útbreiðslu, þ.e. A4 (*mosi með smárunnum*), A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*), A1 (*mosi*) og A8 (*mosi meðgrösom og smárunnum*). Í graslandinu eru ríkjandi H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunum*). Starmóagróðurfélagið er G2 (*stinnastör-smárunnar*) og í mýrlendinu eru mýrargróðurfélögin U19 (*mýrastör-tjarnarstör*) og U13 (*mýrastör-mýrelfting*) útbreiddust. Af lítt eða ógróna landinu eru me (*melar*) og gt (*stórgrytt land*) útbreiddustu landgerðirnar.

Smádýr

Árið 2001 gerði Líffræðistofnun Háskólans könnun á smádýralífi á nokkrum stöðum á undirsvæðinu Hellisheiði, þ.e. í Reykjafelli, Skarðsmýrarfjalli, Hellisskarði og Sleggju-beinsskarði. Árið 2002 var gerð svipuð könnun í Fremstadal og 2006 í Miðdal. Úr gögnum frá 2001 var látið liggja á milli hluta að greina til tegunda tegundaríkustu ættbálka skordýranna, tvívængjur og æðvængjur en það var hins vegar gert við gögnin 2002. Tegundalisti upp á 167 tegundir liggur fyrir frá þessu svæði.

Engin staðfesta tegunda er beinlínis háð jarðhitanum. Laugakönguló *Pirata piraticus* finnst þó jafnan við heitt yfirborðsvatn hvar sem er á landinu. Laugasmiður *Pterostichus diligens* og gullvarta *Cytilus sericeus* kunna líka vel að meta slíkar aðstæður. Nokkrar fágætar tegundir fundust, þ.e. gróbjalla *Acrotictis atomaria*, jötunuxinn *Gyrohypnus angustatus*, kryppuflugan *Megaselia humeralis*, melaló *Mecynargus borealis* og nóraló *Maro minimus*. Athygli vekur afar fjölbreytt köngulóafána.

Fuglar

Fuglalíf hefur kannað nokkuð í Hellisskarði, við Kolviðarhól og eins á Skarðsmýrarfjalli. Alls hafa verið skráðar 19 tegundir varpfugla, þar af nokkrar sem virðast bundnar við Kolviðarhól (og Draugatjörn). Þetta eru allt algengar tegundir mófugla en einnig nokkrar votlendistegundir. Straumönd, rjúpa og hrafn eru á válista. Undirsvæðið Gráuhnúkar er tekið með í fuglatöflu en ekki í samantekt á öðrum gögnum.

4.5.3 Nesjavellir

Plöntur

Tegundir háplantna á Nesjavöllum eru nokkuð vel þekktar en skráningar eru til frá árunum 1980 og 2001. Ekki liggja fyrir upplýsingar um mosa og fléttur. Á svæðinu eru skráðar 105 háplöntutegundir, engar mosategundir og 2 fléttutegundir. Ekki eru skráðar tegundir á válista né aðrar sjaldgæfar tegundir.

Gróðurfar

Nesjavellir er minnsta undirsvæðið á Hengilssvæðinu, samtals 6,3 km² að flatarmáli. Svæðið er vel gróið, en um 86% þess telst gróið land, þ.e land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfar er frekar einsleitt. Þó að mörg gróðurfélög komi fyrir á svæðinu þá hafa flest þeirra afar litla útbreiðslu. Þekja gróins lands er nokkuð samfelld. Einungis 6% gróins lands er á hrauni.

Mosagróður (38%) hefur mesta úrbreiðslu en graslendi (32%) fylgir fast í kjölfarið. Lyngmói (14%) hefur talsverða útbreiðslu. Gróðurfélögin A4 (*mosi með smárunnum*) og A8 (*mosi með grösum og smárunnum*) eru ríkjandi í mosagróðrinum. Í graslendinu er mest af gróðurfélaginu H3 (*grös með smárunnum*) en minna af H1 (*grös*). Í lyngmóanum er gróðurfélagið B7 (*bláberjalyng-krækilyng-víðir*) ríkjandi. Af lítt eða ógróna landinu eru me (*melar*) og gt (*stórgrýtt land*) útbreiddustu landgerðirnar. Vegna framkvæmda á svæðinu eru einnig talsvert af manngerðu landgerðinni ra (*raskað land*).

Smádyr

Upplýsingar um smádyr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur verið kannað nokkuð, meðal annars á jarðhitasvæðunum. Alls hafa verið skráðar 18 tegundir varpfugla. Ýmsar tegundir mófugla eru algengastar, m.a. er allþétt spóavarp á svæðinu. Þrjár tegundir eru á válista: fálki, rjúpa og hrafn. Auk þess verpa í næsta nágrenni grágæs og straumönd.

4.5.4 Bitra

Plöntur

Upplýsingar um plöntur vantar.

Gróðurfar

Undirsvæðið sem kennt er við Bitru er nokkuð fjarri þeim stað sem nafnið er kennt við. Þetta svæði er það þriðja minnsta á Hengilssvæðinu, samtals 7,7 km² að flatarmáli. Svæðið er tiltölulega illa gróið en um 63% þess telst gróið land, þ.e land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfarslega er svæðið nokkuð fjölbreytt og þekja gróins lands er einnig mjög breytileg. Enginn gróður á svæðinu en á hrauni.

Mosagróður (39%) hefur langmesta útbreiðslu en graslendi (16%) er tæplega hálfdrættingur á við hann að flatarmáli. Útbreiðsla lyngmóa (4%) og mýra (4%) er einnig nokkur. Helstu gróðurfélög mosagróðursins eru A4 (*mosi með smárunnum*) og A8 (*mosi með grösum og smárunnum*). Í graslendinu eru sömu tvö gróðurfélögin ríkjandi og á öðrum undirsvæðum á Hengilssvæðinu. H3 (*grös með smárunnum*) hefur samt mun meiri útbreiðslu en H1 (*grös*). Gróðurfélagið B7 (*bláberjalyng-krækilyng-víðir*) ríkir eins og fyrr í lyngmóanum og

mýragróðurfélagið U19 (*mýrastör-tjarnastör*) í votlendinu. Af lítt eða ógróna landinu eru gt (*stórgrýtt land*), me (*melar*) og sk (*skriður*) útbreiddustu landgerðirnar.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur nokkuð verið kannað á þessum slóðum. Talið er að 15 tegundir verpi þar, margar þær sömu og við Ölkelduháls. Meðal þeirra eru smyrill og válistategundirnar straumönd og rjúpa.

4.5.5 Ölkelduháls

Plöntur

Tegundir háplantna og mosa eru vel þekktar á Ölkelduhálsi en lítið er vitað um fléttur. Megnið af upplýsingum um háplöntur og mosa er safnað eftir 2001 og upplýsingar um fléttur eru til frá 1983. Á svæðinu eru skráðar 122 háplöntutegundir, 87 mosategundir og 17 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar grámygla, laugadepla, og naðurtunga finnast við Ölkelduháls, tvær síðarnefndu á valista. Sex jarðhitamosar eru skráðir og af þeim eru hæruburst og laugarandi á valista.

Gróðurfar

Ölkelduháls er næst minnsta undirsvæðið á Hengilssvæðinu, samtals 6,9 km² að flatarmáli. Það er vel gróið en um 85% telst vera gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfar er nokkuð fjölbreytt einkum vegna votlendisins. Gróðurþekja er í það heila allgóð og nokkuð breytileg. Enginn gróður á svæðinu vex á hrauni.

Um helmingur af flatarmáli svæðisins er vaxinn mosagróðri (49%). Graslendi (29%) er einnig mikið og votlendi (5%) er talsvert. Í mosagróðrinum er gróðurfélagið A8 (*mosi með grösom og smárunnum*) langútbreiddast en talsvert er einnig af A4 (*mosi með smárunnum*). H3 (*grös með smárunnum*) er langútbreiddast í graslendinu en nokkuð er einnig af H1 (*grös*). Í votlendinu eru tvö mýragróðurfélög og eitt flóagróðurfélag áberandi. Það eru U19 (*mýrastör-tjarnastör*), U13 (*mýrastör-mýrelfting*) og V3 (*klófffa*). Af lítt eða ógróna landinu eru me (*melar*) og gt (*stórgrýtt land*) útbreiddustu landgerðirnar.

Smádýr

Árið 2002 fóru fram rannsóknir á vegum Líffræðistofnunar Háskólans á smádýrum á undirsvæðinu Ölkelduhálsi. Tegundalisti upp á 128 tegundir liggur fyrir.

Af tegundunum er einungis laugaflugan *Scatella tenuicosta* f. *thermarum* háð jarðhita og gullvarta *Cytilus sericeus* kann vel að meta aðstæðurnar. Aðrar tegundir verðskulda ekki að vera nefndar sérstaklega því ekki er um neinar fágætar að ræða.

Fuglar

Fuglalíf hefur verið kannað nokkuð í ofanverðum Reykjadal og á Ölkelduhálsi. Alls er talið að 19 tegundir fugla verpi þar. Auk ýmissa algengra mófugla verpa í ofanverðum Reykjadal straumendur og álft og stökkönd við Álftatjörn. Þá hafa fálki og hrafn orpið á svæðinu. Tegundir á valista eru straumönd, fálki, rjúpa og hrafn.

4.5.6 Grændalur

Plöntur

Tegundir háplantna, mosa og fléttna eru vel þekktar í Grændal og óvída hafa svæði verið skoðuð jafn vel. Skráningar á háplöntum hófust 1884, mosum 1912 og fléttum um miðja síðustu öld. Á svæðinu eru skráðar 212 háplöntutegundir, 116 mosategundir og 102 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar varmadepla, grámygla, flóajurt, laugadepla og naðurtunga eru á svæðinu, þrjár síðastnefndu á valista. Þar eru einnig blóðkollur, giljaflækja og hnotsörvi sem eru með hátt verndargildi. Sjö tegundir jarðhitamosa eru skráðar og alls eru sex mosategundir á valista. Í dalnum er einnig að finna fléttuna stjörnugrámu sem er með hátt verndargildi.

Gróðurfar

Grændalur er næst stærsta undirsvæðið á Hengilssvæðinu, samtals 24,8 km² að flatarmáli. Það er nokkuð vel gróið en um 80% telst vera gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfar er fjölbreytt og gróðurþekja er nokkuð samfelld. Um 6% af gróðri á svæðinu vex á hrauni.

Liðlega þriðjungur af flatarmáli svæðisins er vaxinn mosagróðri (38%) og fjórðungur er vaxinn graslendi (25%). Lyngmói, starmói og mýri eru hvert um sig með 4% þekju. Í mosagróðrinum hefur gróðurfélagið A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*) mesta útbreiðslu en A8 (*mosi með grösom og smárunnum*) og A4 (*mosi með smárunnum*) hafa einnig talsvert mikla útbreiðslu. H1 (*grös*) er langútbreiddast í graslendinu en nokkuð er einnig af H3 (*grös með smárunnum*). Lyngmóinn skiptist í þrjú gróðurfélög, þ.e. B2 (*krækilyng-bláberjalyng-sauðamergur*), B7 (*bláberjalyng-krækilyng-víðir*) og B9 (*aðalbláberjalyng*). Það síðasttalda er almennt ekki algengt í á svæðinu. Í starmóanum er einungis eitt gróðurfélag, G2 (*stinnastör-smárunnar*). Í mýrlendinu hafa þrjú gróðurfélög markverða útbreiðslu en það eru U19 (*mýrastör-tjarnastör*), U13 (*mýrastör-mýrelfting*) og U5 (*mýrastör*). Af lítt eða ógrónu landi eru me (*melar*) og gt (*stórgrýtt land*) útbreiddustu landgerðirnar ásamt by (*byggð og önnur mannvirki*) sem er hluti byggðarinnar í Hveragerði.

Smádýr

Undirsvæðið Grændalur hefur aldrei verið kannað skipulega með tilliti til smádýra. Þar hefur verið horft til smádýranna meira tilviljanakennt og töluvert liggur fyrir af þess lags þekkingu einkum í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar. Alls eru 78 tegundir skráðar í gagnagrunninn frá þessu svæði og að auki hafa þrjár sniglategundir fundist í Hveragerði.

Áhrif jarðhita á smádýralíf á þessu svæði eru ótvíræð en enn meiri eru áhrif af ylraekt, ræktun plantna og umsýslu í kringum þá starfsemi. Í Hveragerði hafa fundist nokkrar tegundir nýlegra landnema, sbr. bleikjuló *Ostearius melanopygius*, varmasmiður *Carabus nemoralis* og folafluga *Tipula paludosa*. Þetta undirsvæði verðskuldar skipulagða úttekt á smádýralífi, einkum dalirnir ofan Hveragerðis

Fuglar

Fuglalíf hefur verið kannað allvel í Grændal, m.a. í tengslum við fyrirhugaða rannsóknarholu. Eins er fuglalíf í Hveragerði og nágrenni vel þekkt. Tegundalistinn er líklega tæmandi. Hér verpa margar tegundir af ýmsum toga, alls um 25 talsins. Ýmsir mófuglar eru algengir í Grændal sjálfum en þar verpa einnig nokkur fýlspör og nokkur tjaldspör sem er óvenjulegt í svona „fjalladölum“. Þá verpur eitt smyrilspár í dalnum.

Tegundir á valista eru straumönd (verpur við Reykjadalssá, Grændalsá og Sauðá), rjúpa og hrafn.

4.6 Geysir

Háhitasvæðið sem kennt er við goshverinn Geysi er um 5 km² og er í 90–320 m h.y.s.

Plöntur

Góðar upplýsingar eru til um tegundir háplantna og mosa og hefur fléttum verið safnað í næsta nágrenni við hverasvæðið en lítið vitað um heildarsvæðið. Skráningar á háplöntum eru til frá því um miðja nítjándu öld en fléttur og mosa var farið að skrá upp úr 1913. Á svæðinu eru skráðar 172 háplöntutegundir, 61 mosategund og 9 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar grámyglu, vatnsnafla, flóajurt, laugadeplu og naðurtungu er að finna á svæðinu við Geysi, þrjár síðastnefndu á valista. Einnig finnast fuglaertur og loðgresi sem eru báðar með hátt verndargildi. Fjórir jarðhitamosar eru skráðir ásamt laugahnappi og ylhokka sem eru á valista. Engin sjaldgæf fléttutegund er skráð.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1984. Til er gróðurlort í handriti á uppfærðum grunni frá Orkustofnun í mælikvarða 1:25.000.

Mest allt land við Geysi (90%) er gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfar er fjölbreytt en fimm gróðursamfélög koma fyrir á svæðinu sem öll hafa umtalsverða útbreiðslu. Þau eru ræktað land (23%), kjarr- og skóglendi (20%), mólendi (17%), gras- og blómlendi (9%) og moslendi (8%). Einungis 10% er lítt eða ógróið land en af því er byggð og önnur mannvirki 2%, annað lítt eða ógróið land 7%. Í þeim flokki eru með (*melar*) algengasta landgerðin.

Svæðið við Geysi er mjög vel gróið og gróðurfarið er sérlega fjölbreytt miðað við stærð svæðisins. 90% svæðisins telst gróið land og þar af er 87% algróið. Útbreiddasta gróðurlendið er ræktað land sem eru tún í misgóðri rækt og skógrækt. Meira en helmingur ræktaða landsins er R2 (*tún í góðri rækt*) og um fimmtungur er R6 (*skógrækt*). Undir kjarr- og skóglendi heyrir C5 (*ilmbjörk*) sem er ríkjandi í hlíðum Bjarnarfells. Birki vex einnig í hlíðum Laugafjalls. Mólendi er algengt á flatlendinu austan við hverasvæðið en þar eru ríkjandi lyngmóagróðurfélagið B7 (*bláberjalyng-krækilyng-víðir*) og C3 (*fjalldrapi-víðir*) sem tilheyrir fjalldrapamóa.

Votlendi er tiltölulega mikið á svæðinu, einkum meðfram ánum Laugaá, Kaldá og Beiná. Þar er mest af deiglendi og mýrlendi en álitleg flóasund koma einnig fyrir. Algengasta deiglendisgróðurfélagið er T4 (*gulvíðir-starir-grös*). Á landsvísu hefur útbreiðsla þess aukist með hlýnandi loftslagi á undanförunum árum. Í mýrlendinu eru gróðurfélögin U13 (*mýrastör-mýrelfting*) og U5 (*mýrastör*) ríkjandi. Flóinn er aðallega gulstararflói V1 (*gulstör*).

Graslendi hefur talsvert mikla útbreiðslu á svæðinu, einkum neðan við birkikjarrið við rætur Bjarnarfells. Gróðurfélögin H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*) koma þar til sögunnar og er það fyrirtalda útbreiddara. Talsvert er af mosagróðri í fjalllendinu og á flatlendi milli Kaldár og Beinár. Gróðurfélagið A4 (*mosi með smárunnum*) hefur afgerandi mesta útbreiðslu af mosagróðurfélagunum.

Smádýr

Skipulegar rannsóknir hafa ekki farið fram á smádýralífi við Geysi. Tilfallandi upplýsingar um nokkrar tegundir eru skráðar í Zoology of Iceland og í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru skráðar 77 tegundir sem þar hefur verið safnað í tveim dagsheimsóknum.

Í tegundalistanum eru tvær tegundir sem tengjast jarðhitanum ótvírætt en þó kannski enn frekar ylrækt í gróðurhúsum, þ.e. húsamaur *Hypoconera punctatissima* og skartsmiður *Bembidion tetracolum*.

Fuglar

Fuglalíf er vel þekkt við Geysi og telst auðugt og fjölbreytt enda lífrík votlendi í grennd. Þar verpa allt að 28 tegundir fugla, þar á meðal margir votlendisfuglar. Auk þess má hér nefna ýmsa skógarfugla, eins og músarrindil og auðnutittling. Fjórar tegundir er á válista: grágæs, straumönd, rjúpa og hrafn sem verpur á einum stað.

4.7 Kerlingarfjöll

Kerlingarfjöll eru mikil og vel afmörkuð fjallabyrping og er stærð háhitasvæðisins um 31 km². Svæðið liggur í 720–1460 m h.y.s. Þrjú undirsvæði eru í Kerlingarfjöllum: Hveradalir, Efri-Hveradalir og Hverabotn.

Plöntur

Nokkuð góð þekking er á plöntutegundum í Kerlingarfjöllum en engar upplýsingar eru til frá Efri-Hveradölum, sem er eitt undirsvæðanna. Upplýsingar um háplöntur eru til frá því skömmu eftir aldamótin 1900 en um fléttur og mosa frá því um 1970. Á svæðinu eru skráðar 92 háplöntutegundir, 54 mosategundir og 56 fléttutegundir. Í Kerlingarfjöllum finnst jarðhitamosinn laugaslyðra og flétturarnar hamranafli og svarðskjóða sem báðar eru með hátt verndargildi.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árin 1962–1964. Gefin hafa verið út gróðurskort í mælikvarða 1:40.000. Norðurhluti svæðisins var endurskoðaður eftir myndkortum á vettvangi árið 2003 og staffærður í kjölfarið. Suðurhluti svæðisins var einnig staffærður eftir myndkortum en án endurskoðunar á vettvangi.

Svæðið er mjög lítið gróið. Einungis 16% þess telst gróið land þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Meginhluti gróna landsins flokkast undir moslendi (14%) sem er 86% af grónu landi á svæðinu. Annað gróið land er mólendi og votlendi. Mestur hluti svæðisins er lítt eða ógróið land (84%) en meginhluti þess er gt (*stórgrýtt land*). Aðrar áberandi landgerðir eru me (*melar*), sk (*skriður*) og jo (*jökull*).

Gróðurfar er fábreytt, gróðurþekja gisin og gróðurinn almennt rýr. Moslendi er ríkjandi í gróðurfari. Meirihluti þess er hélumosagróður en mosagróður er einnig talsverður. Hélumosagróður A9 (*hélumosi*) er snjóðældargróður sem er helst að finna til fjalla þar sem snjór liggur lengi fram eftir vori. Hann vex eins og skán ofan á jarðveginum en myndar ekki eiginlega mosapembu eins og annar mosagróður. Af mosagróðurfélögum er A4 (*mosi með smárunnum*) langútbreiddast. Önnur gróðurlendi sem koma fyrir hafa mjög litla útbreiðslu en þau eru víðimói og kjarr, deiglendi, mýri og flói.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf á neðsta hluta svæðisins (í grennd við Ásgarð er sæmilega þekkt) en hefur ekki verið skoðað að heitið geti á hversvæðinu efra. Fuglalíf er fábrotið, en ætla má að allt að sjö tegundir gætu orpið á svæðinu, þar á meðal válistategundirnar straumönd og rjúpa. Nokkuð heiðagæsavarp er við Ásgarðsá.

4.7.1 Hveradalir

Plöntur

Svæðið í Hveradölum var kannað árið 2006 og upplýsingum um tegundir svæðisins safnað. Áður höfðu háplöntutegundir verið skráðar að einhverju leyti. Alls eru skráðar 69 háplöntutegundir, 52 mosategundir og 49 fléttutegundir. Þar á meðal eru jarðhitasosinn laugaslyðra og fléttan hamranafli.

Gróðurfar

Hveradalir er stærsta undirsvæðið í Kerlingarfjöllum, samtals 4,5 km² að flatarmáli. Það er mjög lítið gróið en einungis 10% þess telst vera gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfar er einnig mjög einhæft og gróðurþekja almennt gisin. Ekkert votlendi var kortlagt á svæðinu.

Um 94% af grónu landi er moslendi og 6% mólendi. Nærri þrjú fjórðu hlutar moslendisins er hélumosi og fjórðungur mosagróður. Gróðurfélag hélumosans er A9 (*hélumosi*) og gróðurfélög mosagróðursins eru annars A4 (*mosi með smárunnum*) og A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*). Mólendið er allt starmói G2 (*stinnastör-smárunnar*). Lítt eða ógróna landið er nær allt gt (*stórgrýtt land*) en sk (*skriður*) hafa dálitla útbreiðslu.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur aðeins verið skoðað síðsumars og gefur ekki fulla mynd af fuglalífi svæðisins. Allt að sex tegundir gætu orpið á svæðinu, þar á meðal válistategundin rjúpa.

4.7.2 Efri-Hveradalir

Plöntur

Upplýsingar um plöntur vantar.

Gróðurfar

Efri-Hveradalir er lítið svæði, aðeins 0,98 km² að flatarmáli. Það er gróðurlaust samkvæmt gróðurkortinu, þ.e. enginn gróður með meira en 10% gróðurþekju var kortleggjanlegur í mælikvarða 1:25.000 sem kortlagningin var miðuð við. Allt landið flokkast í sömu landgerðina, þ.e. gt (*stórgrýtt land*).

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur ekkert verið skoðað en er væntanlega mjög lítið, ef þá nokkuð. Snjótittlingur er hugsanlegur varpfugl.

4.7.3 Hverabotn

Plöntur

Árið 2006 var farið var á svæðið í Hverbotni og plöntutegundir skráðar. Á svæðinu fundust 13 háplöntutegundir, 10 mosategundir og 6 fléttutegundir. Jarðhitamosann laugaslyðru er að finna á svæðinu.

Gróðurfar

Hverabotn er minnsta svæðið í Kerlingarfjöllum, aðeins 0,1 km² að flatarmáli. Það er gróðurlaust samkvæmt gróðurkortinu, þ.e. enginn gróður með meira en 10% gróðurþekju var kortleggjanlegur í mælikvarða 1:25.000 sem kortlagningin var miðuð við. Mestur hluti svæðisins flokkast í landgerðina gt (*stórgrýtt land*) en lítill hluti var flokkaður sem sk (*skriður*).

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur ekki verið skoðað á þessu svæði en er örugglega mjög fábrotið. Snjótitlingur er hugsanlegur varpfugl.

4.8 Hveravellir

Hveravellir eru á Kili í 610–640 m h.y.s og flatarmál háhitasvæðisins er 14 km² og það er.

Plöntur

Miklum upplýsingum um háplöntur og mosa á Hveravöllum hefur verið safnað í gegnum tíðina og gefa þær góða mynd af hvaða tegundir þar er að finna. Ennfremur eru til ágætar upplýsingar um fléttur. Skráningar á háplöntum hófust upp úr 1900 og til eru skráningar um mosa og fléttur frá því upp úr 1950. Á svæðinu eru skráðar 168 háplöntutegundir, 152 mosategundir og 54 fléttutegundir. Válistategundina naðurtungu, sem bundin er jarðhita, er að finna á Hveravöllum. Sex tegundir jarðhitamosa er að finna ásamt válistategundinni stigmosa. Ein fléttutegund vex á svæðinu sem er með hátt verndargildi.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1961. Gefið hefur verið út gróðurkort í mælikvarða 1:40.000. Svæðið var staffært á myndkort árið 2003 en án endurskoðunar á vettvangi.

Einungis 40% svæðisins telst vera gróið, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Af gróna landinu er mólendi útbreiddast (21%) en það þekur 50% af flatarmáli gróins lands. Önnur gróðursamfélög sem koma fyrir hafa öll talsverða útbreiðslu en þau eru moslendi (7%), gras- og blómlendi (5%) og votlendi (7%). Nær allt lítt eða ógróna landið (60%) er víðáttumikill melur sem ber nafn með rentu, þ.e. Breiðimelur.

Þó að meirihluti svæðisins sé lítt eða ógróinn þá er gróni hlutinn yfirleitt með nokkuð samfellda gróðurþekju. Til marks um það má nefna að helmingur gróins lands er algróinn og þriðjungur með 75% meðalgróðurþekju. Af mólendinu er víðimói og kjarr algengasta gróðurlendið en talsvert er einnig af starmóa og lyngmóa. D1 (*grávíðir-krækilyng*) hefur mesta útbreiðslu í víðimóanum, B3 (*krækilyng-víðir*) í lyngmóanum og G1 (*stinnastör*) í starmóanum. Af moslendinu er mosagróður útbreiddastur en nokkuð er einnig um hélumosa.

Nærri tveir þriðju hlutar moslendisins vex í hrauninu við Hveravelli. Algengustu mosagróðurfélögin eru A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*) og A4 (*mosi með smárunnum*).

Graslendi er talsvert algengt á svæðinu, einkum við bakka árinna Þegjandi og við hraunjaðarinn á Hveravöllum. Gróðurfélagið H1 (*grös*) er algengast en H2 (*grös með störum*) og H3 (*grös með smárunnum*) koma líka fyrir.

Votlendi hefur talsverða útbreiðslu og þekur 17% af grónu landi. Meginhluti þess eru tveir stórir og forblautir tjarnarstarafloar V2 (*tjarnastör*) norðan og vestan við Þegjanda. Klófífufloar V3 (*klófífa*) og deiglendi með hálmgresi T3 (*hálmgresi*) og T11 (*hrafnaflífa með hálmgresi*) eru einnig áberandi í votlendinu.

Smádýr

Engar skipulagðar rannsóknir hafa farið fram á smádýralífi á Hveravöllum. Nokkurra tegunda þaðan er getið í heftum Zoology of Iceland og í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru varðveitt eintök af 11 tegundum. Það má fullyrða að jarðhitinn bætir hag fjögurra þeirra, þ.e. glitsmiðs *Notiophilus biguttatus*, valluxa *Gabrieus trossulus*, svarðuxa *Quedius fulvicollis* og taðána *Lumbricus rubellus* en síðasttalda tegundin gæti hafa borist þangað með heyi hestamanna.

Fuglar

Fuglalíf á Hveravöllum hefur talsvert verið skoðað, einkum í nánd við hverasvæðið. Fuglalíf er fjölbreytt og nýtur þar væntanlega bæði hitans og eins eru falleg votlendissvæði norðan við vellina. Allt að 19 tegundir eru taldar varpfuglar og eru þær af ýmsum toga, m.a. er nokkurt heiðagæsavarp með kvíslum og votlendistegundir eins og óðinshani, hávella og álft. Hér verpa einnig tegundir sem eru mjög strjálar í miðhálandinu, eins og hrossagaukur og steindepill.

Ætla má að þrjár tegundir á valista gætu orpið á svæðinu: straumönd og rjúpa eru á svæðinu og gulönd verpur í grendinni og er líklegur varpfugl innan svæðisins.

4.9 Köldukvíslarbotnar

Háhitasvæðið við Köldukvíslarbotna er um 42 km² að flatarmáli og er stór hluti þess undir Hágöngulóni.

Plöntur

Skráningar um plöntur á svæðinu eru frá árunum 1981 og 1996 og í bæði skiptin var svæðið skoðað allvel. Þekking á tegundum háplantna og mosa er talin góð en lítið er til um fléttur. Á svæðinu eru skráðar 63 háplöntutegundir, 55 mosategundir og 9 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar lauganistill og laugaslyðra eru skráðar á svæðinu.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1963. Gefið hefur verið út gróðurkort í mælikvarða 1:40.000.

Svæðið telst allt vera lítt eða ógróið land, þ.e. land með minna en 10% gróðurþekju. Helmingur af flatarmáli svæðisins er undir Hágöngulóni (53%). Helstu landgerðir sem koma fyrir eru hr (*hraun*) (19%), me (*melar*) (12%) og sa (*sandar*) (12%).

Smádýr

Smádýralíf var kannað austan Hágangna og í Vonarskarði á vegum Líffræðistofnunar Háskólans um og eftir miðjan ágúst 1996. Þá er farið að hausta verulega hjá þessum dýrahópi og margar tegundir horfnar. Auk þess voru eingöngu vorflugur (3 tegundir), rykmý (17 tegundir), bitmý (1 tegund), köngulær (5 tegundir) og langfætlur (1 tegund) greindar til tegunda. Alls eru því 27 tegundir staðfestar. Eftir standa skordýr af öðrum ættum og ættbálkum. Könnunin segir því lítið um smádýralíf á svæðinu.

Fuglar

Fuglalíf hafði nánast ekkert verið kannað áður en Hágöngumiðlun tók til starfa (1999) en þá fór meginhluti þessa svæðis undir vatn. Fuglalíf er örugglega mjög lítið en þrjár tegundir gætu orpið á svæðinu: sandlóa, sendlingur og snjótittlingur. Engin þeirra er á válista.

4.10 Vonarskarð

Háhitasvæðið er í megineldstöð sem kennd er við Vonarskarð. Svæðið er um 30 km² að flatarmáli og liggur í 940–1280 m h.y.s.

Plöntur

Tegundir háplantna og mosa hafa verið skráðar nokkuð vel í Vonarskarði en þó nokkuð vantar upp á söfnun fléttna til að gott heildaryfirlit fáiast. Skráningar sem til eru allar frá tímabilinu 1981–2008. Á svæðinu eru skráðar 82 háplöntutegundir, 84 mosategundir og 17 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar grámygla og naðurtunga vaxa á svæðinu, sú síðarnefnda á válista, ásamt jarðhitamosunum laugaslyðra og laugavendill.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árin 1968–1969. Gefin hafa verið út gróðurkort í mælikvarða 1:40.000.

Einungis 9% svæðisins telst gróið land þ.e. land sem er með minna en 10% gróðurþekju. Moslendi hefur langmesta útbreiðslu (6%), mólendi nokkra (1%) og votlendi talsverða (2%). Helstu landgerðir eru sk (*skriður*) (30%), gt (*stórgrýtt land*) (27%), ey (*þurrar áreyrar*) (19%) og me (*melar*) (7%).

Svæðið er eins og landfræðileg lega þess gefur til kynna afar lítið gróið. Gróið land er helst að finna á tveimur svæðum. Annars vegar við Snapadal og hins vegar nærri Rauðá. Ljóst er að land hefur gróið talsvert síðan gróður var kortlagður árið 1968. Þekja þeirra gróðurfláka sem eru til staðar á svæðinu er mjög breytileg.

Í moslendinu sem hefur mesta útbreiðslu gróðursamfélaga á svæðinu er mosagróður nær einráður þó að hélumosi komi fyrir. Fjölbreytileiki í mosagróðrinum er talsverður. Fjögur gróðurfélög sem öll hafa talsverða útbreiðslu koma þar við sögu. Útbreiddustu gróðurfélögin eru A1 (*mosi*) og A8 (*mosi með grösum og smárunnum*). Í mólendinu hefur víðimóagróðurfélagið D6 (*grasvíðir*) nokkra útbreiðslu en kjöraðstæður þess eru til fjalla þar sem snjór liggur lengi fram eftir vori. Lyngmóinn á svæðinu hefur dálitla útbreiðslu en þar ræður B3 (*krækilyng-víðir*) ríkjum. Votlendi á svæðinu er talsvert en í því hefur deiglendisgróðurfélagið T30 (*vætumosar*) mesta útbreiðslu. Það vex helst á rökum eyrum sem vatn flæðir reglulega yfir.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur lítið sem ekkert verið skoðað á þessum slóðum en það er væntanleg bæði strjált og fábrotið. Allt að fimm tegundir fugla gætu orpið á svæðinu, þar á meðal eru vástategundirnar straumönd og rjúpa auk sandlóu, sendlings og snjótittlings.

4.11 Torfajökull

Háhitasvæðið sem kennt er við Torfajökul er það stærsta á landinu en umfang þess er um 270 km². Svæðið liggur í 560–1140 m h.y.s. Sex undirsvæði eru skilgreind: Blautakvísl, Vestur-Reykjadalir, Austur-Reykjadalir, Jökultungur, Kaldaklof og Landmannalaugar.

Plöntur

Allgóðar upplýsingar eru fyrir hendi um háplöntur, nokkrar um mosa en minna hefur verið safnað af fléttum við Torfajökul. Upplýsingar frá undirsvæðum eru misgóðar en einna bestar frá Landmannalaugum þar sem skráningar ná yfir þó nokkuð mörg ár. Víða eru til skráningar einstakra plantna og voru öll undirsvæðin könnuð nokkuð vel árið 2008. Skráningar á háplöntum ná aftur til um 1930 en mosa og fléttur var farið að skrá um 1960. Á svæðinu eru skráðar 182 háplöntutegundir, 129 mosategundir og 63 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar grámyglu, naðurtungu og laugadeplu er að finna á svæðinu en tvær síðastnefndu eru á válista. Fimm jarðhitamosar eru skráðir og fjórar mosategundir eru á válista. Á svæðinu finnast þrjár fléttutegundir á válista.

Gróðurfur

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árin 1961–1962 og 1965. Gefin hafa verið út gróðurlort í mælikvarða 1:40.000.

Gróðurfarsupplýsingar frá Torfajökulssvæðinu ber að taka með miklum fyrirvara vegna þess hve gróðurfarið hefur breyst mikið frá því að meginhluti svæðisins var kortlagður fyrir nær hálfri öld síðan. Mjög mikið land virðist, samkvæmt innrauðum gervitunglamyndum, hafa gróið upp á tímabilinu. Þess vegna er gróður ógreindur í reitum sem nema fjórðungi af flatarmáli gróins lands á svæðinu.

Um 40% af svæðinu telst gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Ef lítið er fram hjá ógreindum gróðurreitum á svæðinu þá flokkast nær allt gróna landið undir moslendi (28%). Mólendi og votlendi hafa svipaða útbreiðslu en hvort um sig þekur 1% af flatarmáli svæðisins. Skóg- og kjarrlendi og gras- og blómlendi kemur einungis fyrir á örfáum hekturum.

Um 60% svæðisins er lítt eða ógróið land. Útbreiddustu landgerðirnar eru sk (*skriður*) (14%), gt (*stórgrýtt land*) (14%) og vi (*vikrar*) (13%). Jöklar, þ.e. jo (*jökull*), eru 8% af svæðinu, me (*melar*) 3% og ey (*þurrar áreyrar*) 2%.

Gróðurfur á svæðinu er sérlega einsleitt. Hvar sem gróður hefur fest rætur og myndað gróðurþekju þá flokkast hann nær alltaf undir moslendi, annað hvort sem mosagróður eða hélumosi. Á grónu landi er gróðurþekja mjög breytileg. Mosagróður er rúmlega helmingur af flatarmáli moslendisins og hélumosinn tæpur helmingur. Mikið af mosanum vex á lausum gosefnum eins og vikri og er því mjög viðkvæmur fyrir hvers kyns traðki eða ágangi.

Útbreiddustu mosagróðurfélögin á svæðinu eru A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*), A1 (*mosi*) og A4 (*mosi með grösum og smárunnum*). Talsvert mikið er af A2 (*mosi með stinnastör*) og A5 (*mosi með grösum*) hefur nokkra útbreiðslu. Mjög lítið er annars almennt

af grasgefnum gróðri á svæðinu. Hélumosagróðurinn er snjóældargróður sem er helst að finna til fjalla þar sem snjór liggur lengi fram eftir vori. Hann vex eins og skán ofan á jarðveginum en myndar ekki eiginlega mosapembu eins og annar mosagróður. Gróðurfélagið A9 (*hélumosi*) var eina hélumosagróðurfélagið á svæðinu þegar kortlagt var á sínum tíma.

Auk framangreindra moslendisgróðurlenda kemur fjöldi annarra gróðurlenda fyrir en útbreiðsla þeirra allra er mjög lítil. Reikna má með að ógreindu gróðurfélögin komi til með að flokkast á svipaðan máta og þau sem þegar hafa verið greind.

Smádýr

Smádýralíf er því sem næst ókannað við Torfajökul. Nokkrar upplýsingar eru þó til frá Landmannalaugum.

Fuglar

Fuglalíf er fremur illa þekkt á þessu víðfeðma svæði, nema í Landmannalaugum og Kýlingum. Þar er fuglalíf fjölbreytt, m.a. er þar nokkuð um votlendisfugla. Því má gera ráð fyrir að tegundalistinn fyrir svæðið í heild sé tæmandi. Mikið vantar hins vegar upp á að hægt sé að segja til um dreifingu einstakra tegunda og fuglar hafa nánast ekkert verið skoðaðir á fimm af sex undirsvæðum. Allt að 22 tegundir gætu orpið, þar af um helmingur sem virðist bundin við Landmannalaugar og Kýlinga.

Fjórar tegundir er á válista. Straumönd verpur í Landmannalaugum og væntanlega strjált hér og hvar. Fálki er með eitt setur á sunnaverðu svæðinu. Rjúpa er á svæðinu og hrafn hefur orpið á einum stað svo vitað sé (Norðurnámar við Landmannalaugar).

4.11.1 Blautakvísl

Plöntur

Upplýsingar um plöntutegundir á svæðinu við Blautakvísl eru allar frá árinu 2008 og eru taldar endurspeglar tegundir háplantna og mosa nokkuð vel en minna er vitað um fléttur. Skráðar eru 61 háplöntutegund, 49 mosategundir og 8 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar grámygla og naðurtunga eru innan svæðisins, sú síðarnefnda á válista, ásamt jarðhitamosunum laugaslyðru og laugavendli.

Gróðurfar

Upplýsingar um gróðurfar vantar.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur nánast ekkert verið kannað en er líklega fremur fábrotið. Allt að sex tegundir gætu orpið, þar á meðal válistategundirnar straumönd og rjúpa.

4.11.2 Vestur-Reykjadalir

Plöntur

Megnið af upplýsingum um plöntutegundir var safnað á árunum 2002–2008 og þær eru taldar endurspeglar vel háplöntur svæðisins, nokkuð vel mosa en illa fléttur. Á svæðinu eru skráðar 65 háplöntutegundir, 61 mosategund og 14 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar grámygla og naðurtunga finnast á svæðinu, sú síðarnefnda á válista. Einnig finnst þar

dvergtungljurt sem er með hátt verndargildi. Jarðhitamosarnir laugaskrúð, laugaslyðra og laugavendill eru einnig skráðir.

Gróðurfar

Upplýsingar eru ónógar til að fjalla sérstaklega um gróður.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur ekki verið kannað en er líklega fremur fábrotið. Allt að sjö tegundir gætu orpið, þar á meðal válistategundirnar straumönd og rjúpa.

4.11.3 Austur-Reykjadalir

Plöntur

Plöntur svæðisins hafa aðallega verið skráðar árið 1961 og á árunum 2002–2008. Þekking á háplöntum er talin vera góð en minna er vitað um mosaflóru svæðisins og lítið um fléttur. Á svæðinu eru skráðar 76 háplöntutegundir, 72 mosategundir og 11 fléttutegundir. Grámyglu og naðurtungu er að finna á svæðinu, sú síðarnefnda er á válista. Þar er einnig dvergtungljurt sem er með hátt verndargildi. Fimm jarðhitamosar vaxa á svæðinu og af þeim er hverarindill á válista.

Gróðurfar

Upplýsingar eru ónógar til að fjalla sérstaklega um gróður.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur nánast ekkert verið kannað en er líklega fremur fábrotið. Allt að sex tegundir gætu orpið á svæðinu: válistategundin rjúpa, heiðagæs, sandlóa, heiðlóa, sendlingur og snjóttlingur.

4.11.4 Jökultungur

Plöntur

Einungis eru til skráningar yfir plöntutegundir í Jökultungum frá árinu 2008 en þær eru taldar endurspegla vel háplöntur svæðisins. Minna er vitað um mosa og lítið um fléttur. Á svæðinu eru skráðar 30 háplöntutegundir, 32 mosategundir og einungis 1 fléttutegund. Jarðhita- og válistategundin naðurtunga vex á svæðinu ásamt jarðhitamosunum laugaslyðru og laugavendli.

Gróðurfar

Upplýsingar eru ónógar til að fjalla sérstaklega um gróður.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur ekki verið kannað á þessu svæði. Líklega er það mjög strjált og fábrotið. Tvær tegundir gætu orpið, sendlingur og snjótittlingur.

4.11.5 Landmannalaugar

Plöntur

Landmannalaugar er það undirsvæði sem er einna best þekkt af skilgreindum undirsvæðum við Torfajökul. Skráningar plantna eru til frá 1931 frá mörgum aðilum. Þekking á háplöntum og mosum er góð en fyrirliggjandi þekking á fléttum er ekki talin gefa heilstæða mynd af tegundum svæðisins. Á svæðinu eru skráðar 176 háplöntutegundir, 137 mosategundir og 26 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar grámygla, laugadepla og naðurtunga eru á svæðinu, þær síðastnefndu á válista. Þar eru einnig dvergtungljurt og mánajurt sem eru með hátt verndargildi. Sjö jarðhitamosar eru skráðir og sex eru á válista. Fléttan hraufuglár er á svæðinu en hún hefur hátt verndargildi.

Gróðurfar

Upplýsingar eru ónógar til að fjalla sérstaklega um gróður.

Smádýr

Nokkur söfnun smádýra hefur farið fram í Landmannalaugum, ýmist við jarðhita eða utan áhrifa hans. Söfnunin hefur verið ómarkviss og tilviljanakennd. Í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru varðveitt eintök af 89 tegundum smádýra og er þá ekki horft til aðstæðna við söfnun, þ.e. jarðhita eða ekki.

Þrjár tegundanna eru alfarið háðar jarðhitnum á svæðinu, þ.e. laugakönguló *Pirata piraticus*, laugafluga *Scatella tenuicosta* f. *thermarum* og tvívængjan *Lispe consanguinea*. Sniglaflugan *Pherbellia ventralis* er sjaldgæf á landsvísu en hún sníkir á sniglum í laugunum og er þannig háð jarðhitnum á staðnum.

Fuglar

Fuglalíf hefur verið kannað ítarlega í Landmannalaugum og er tegundalistinn sennilega tæmandi. Auk þess fellur votlendið í Kýlingum undir þetta svæði. Alls er talið að 18 tegundir fugla verpi, þar af nokkrar sem eru afar strjálar í hálendinu, t.d. stelkur og hrossagaukur. Óðinshani verpur óvenjubétt við hveralækina í Landmannalaugum og eins verpa þar straumendur. Ýmsar aðrir andfuglar verpa í Kýlingum: álft, heiðagæs, stökkönd, urtönd, hávella og sennilega duggönd.

Þrjár tegundir eru á válista. Nokkur þör straumandar verpa á svæðinu, rjúpa og hrafn hefur orpið á einum stað svo vitað sé (Norðurnámar við Landmannalaugar).

4.11.6 Kaldaklof

Plöntur

Skráningar á plöntum eru frá árunum 1931 og 2008. Skráðar háplöntur gefa góða mynd af tegundum sem má ætla að finnast á svæðinu en skráðir mosar gefa nokkuð góða mynd. Þekking á fléttum er lítil. Skráðar eru 112 háplöntutegundir, 51 mosategund og 7 fléttutegundir. Jarðhita- og válistategundin naðurtunga er á svæðinu ásamt jarðhitamosunum laugaslyðru og laugavendli. Ein fléttutegund sem metin er með hátt verndargildi er skráð á svæðinu.

Gróðurfur

Upplýsingar eru ónógar til að fjalla sérstaklega um gróður.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur ekki verið kannað á þessu svæði. Líklega er það mjög strjált og fábrotið. Fimm tegundir gætu orpið, þeirra á meðal válistategundin rjúpa.

4.12 Kverkfjöll

Háhitasvæðið í Kverkfjöllum er í norðanverðum Vatnajökli en stór hluti þess er hulinn ís. Svæðið er 30 km² og er í 1620–1780 m h.y.s.

Plöntur

Svæðið í Kverkfjöllum var kannað árið 2007 og ekki liggja fyrir aðrar upplýsingar um svæðið. Engar tegundir háplantna eða fléttna eru skráðar innan afmarkaða svæðisins en 16 mosategundir eru skráðar.

Gróðurfur

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1978 en ekki hefur verið unnið frekar úr gögnum.

Samkvæmt gróðurkortlagningu á loftmyndir í mælikvarða 1:30.000 frá 1978 er allt svæðið lítt eða ógróið land. Nær allt landið er jo (*jökull*) (96%) en aðrar landgerðir sem koma fyrir að einhverju marki eru kl (*klettur/klappir*) (2%) og sk (*skriður*) í Hveradal.

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglar hafa ekki verið skoðaðir sérstaklega á þessu svæði. Fuglalíf er væntanlega mjög fábrotið enda liggur svæðið mjög hátt og er auk þess að miklu leyti undir jökli. Í ferð Náttúrufræðistofnunar í ágúst 2008 sáu menn snjótitling og er hugsanlegt að þessi tegund verpi á svæðinu. Öðrum líklegum varpfuglum er varla til að dreifa.

4.13 Askja

Askja er í Dyngjufjöllum norðan Vatnajökuls og er í 1060–1360 m h.y.s. Stærð háhitasvæðisins er um 27 km².

Plöntur

Háplöntur hafa verið skráðar nokkuð vel á svæðinu umhverfis Öskjuvatn og gefa upplýsingarnar góða mynd af háplöntuflórunni. Mosum sem hefur verið safnað á nokkrum stöðum gefa gott yfirlit yfir svæðið sem er annars fremur þurr og ekki hentugt búsvæði fyrir mosa. Þekking á fléttutegundum er nokkur. Flestar tegundir voru skráðar á árunum 1981, 1994 og 2007. Á svæðinu eru skráðar 50 háplöntutegundir, 60 mosategundir og 14 fléttutegundir. Jarðhita- og válistategundina naðurtungu er að finna á svæðinu. Þar vaxa líka fjallalójurt og snækobbi sem vaxa nær eingöngu til fjalla og eru með hátt verndargildi. Fjórar tegundir jarðhitamosa eru á svæðinu og dvergarandi og laugarandi eru á válista.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1965 en ekki hefur verið unnið frekar úr gögnum.

Einungis 2% af svæðinu telst gróið land þ.e. land með minna en 10% gróðurþekju. Meginhluti svæðisins er lítt eða ógróið land (55%) og vatn (43%). Útbreiddasta landgerðin er sk (*skriður*) (30%), en hr (*hraun*), kl (*klettur/klappir*), sah (*sandorpið hraun*) og vi (*vikrar*) koma einnig fyrir.

Þær gróðurslitrur sem finnast á svæðinu eru í Bátshrauni sunnan við Víti og í Suðurbotnum. Þar er aðallega gisinn mosagróður en einnig svolítill hélumosagróður. Mosagróður er fyrst og fremst A1 (*mosi*) sem er mosapemba með litlum sem engum fylgitegundum, en dálítið er af A4 (*mosi með smárunnum*).

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Afar litlar upplýsingar liggja fyrir um fuglalíf í Öskju en þetta svæði liggur hátt, er þurr og lítt gróið. Því má gera ráð fyrir að þar verpi fátt fugla, líklega aðeins snjótittlingur og hugsanlega rjúpa.

4.14 Fremrinámar

Háhitasvæðið er fremur lítið eða tæpir 10 km² og er svæðið í 760–960 m h.y.s.

Plöntur

Plöntur við Fremrináma voru skráðar á árunum 1971–2007. Listi yfir háplöntur og mosa er ekki talinn gefa tæmandi upplýsingar um plöntur á svæðinu og frekari upplýsingar vantar um fléttur. Alls eru skráðar 29 háplöntutegundir, 17 mosategundir og 14 fléttutegundir. Jarðhita- og válistategundina naðurtungu er að finna á svæðinu ásamt jarðhitamosunum laugaskrúð og laugavendli.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1965. Gefið hefur verið út gróðurkort í mælikvarða 1:40.000.

Samkvæmt gróðurkortlagningu á loftmyndir í mælikvarða 1:30.000 frá 1985 er allt svæðið lítt eða ógróið land. Mestur hluti svæðisins er hraun, bæði hr (*hraun*) (36%) og sah (*sandorpið hraun*) (47%). Aðrar landgerðir sem koma fyrir að einhverju marki eru gt (*stórgrýtt land*), sk (*skriður*) og sa (*sandur*).

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Engar upplýsingar eru til um fugla á þessu svæði. Í ljós aðstæðna má gera ráð fyrir að fuglalíf þar sé mjög lítið, ef þá nokkuð, enda svæðið mjög sendið og þurr og liggur hátt og er nánast ógróið. Eini fuglinn sem gæti hugsanlega orpið við slíkar aðstæður er snjótittlingur.

4.15 Kröflusvæði

Háhitasvæðið er um 45 km² að flatarmáli og voru undirsvæðin Leirhnjúkur og Krafla skilgreind innan þess. Svæðið er í 440–800 m h.y.s.

Plöntur

Háplöntuflóra Kröflusvæðisins er vel þekkt og nokkuð gott yfirlit er um tegundir mosa og fléttna. Háplöntur voru fyrst skráðar 1876 en skráningar á mosum og fléttum hófust um 1970. Á svæðinu eru skráðar 139 háplöntutegundir, 79 mosategundir og 50 fléttutegundir. Jarðhitategundin naðurtunga vex á svæðinu og er hún á valista. Þar finnast einnig fjallalójurt og renglutungljurt sem báðar eru með hátt verndargildi. Fjórir jarðhitamosar eru skráðar ásamt tegundinni stigmosa sem er á valista. Fléttan strípamóra er á svæðinu en hún er metin með hátt verndargildi.

Gróðurfar

